



SKOÐUN Tollfrjálsan innflutning á nautakjöti, skrifar Jóhannes Gunnarsson. **18**



MENNING Listamenn úr ýmsum áttum eiga verk á sýningunni Píanó. **28**



LÍFID Danshópurinn Fanclub sýnir söngleik um dauðann. **42**



SPORT Sjeikinn kíkir stundum á leikina hjá Róberti og félögum hans í PSG. **34**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPID 24 TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
29. maí 2014
125. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Börnin borga heim
Hópur barna er látinn nota þá peninga sem hann vinnur sér inn til að kaupa mat fyrir fjölskyldur sínar. **8**

Rannsókn dregist Maður sem beðið hefur í fjögur ár eftir að rannsókn á fjársvikamáli þar sem hann er einn grunaðra segist óvinnufær vegna biðarinnar. **4**

Krónan undankomuleið Íslendingar festast í vítahring verðbólgu og gengisfellinga haldi þeir í krónuna, segir hollenskur hagfræðingur. **10**


Alger óvissa Íbúar lítilla sjávarbyggða sem treysta á sjávarútveg lifa í algerri óvissu frá degi til dags. **12**



Bolungarvík	11°	SSA	8
Akureyri	13°	SSV	2
Egilsstaðir	14°	SV	2
Kirkjubæjarkl.	11°	SSA	2
Reykjavík	12°	SSA	6

Bjart eða bjart með köflum víða um land en dálftil væta vestan til. Fremur hæg suðlæg átt og hiti 7 til 17 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ
Iðnmeistarar| Fólk



NÝJAR VÖRUR
WILLY SKYRTA 7990

JACK & JONES
KRINGLUNNI / SMÁRALIND

FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND
INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND




ERLENT TÖKULIÐ Í FALLHLÍFARSTÖKKI Tökulið þáttanna 1 Way Ticket sem sýndir eru á sjónvarpsstöðinni Travel Channel fengu sérstakt leyfi til að fara í fallhlífarstökk yfir Klambatúni í gær. Vakti það talsverða athygli vegfarenda en tökuliðið hefur dvalið hér í nokkra daga á vegum íslenska framleiðslufyrirtækisins Sagafilm. Í þáttunum 1 Way Ticket er þörum komið á óvart með ókeypis ferð til framandi staða. Þegar á staðinn er komið fylgja þörin vísbendingum sem leiða þau í æsispennandi ævintýri.

Framsókn með 9,2% og einn mann inni

Allt stefnir í að Samfylkingin verði sigurvegari borgarstjórnarkosninganna. Flokkurinn fær rúman þriðjung atkvæða og sex borgarfulltrúa samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkurinn fær aðeins þrjá borgarfulltrúa.

KÖNNUN Stuðningur við Framsóknarflokkinn hefur aukist verulega, og virðist flokkurinn öruggur með að ná einum manni í borgarstjórn, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gær og fyrradag. Framsóknarflokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 9,2 prósent atkvæða og einn borgarfulltrúa. Í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var í lok apríl, var flokkurinn með 5,2 prósent atkvæða. Fylgið mældist 5,3 prósent í könnun MMR sem gerð var dagana 20. til 23. maí. Flokkurinn hefur verið mikið í umræðunni síðustu daga, eftir að Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, oddviti framboðs Framsóknar og flugvallarvina, lýsti því yfir í samtali við fréttavefinn Vísi á föstudag, 23. maí, að hún vildi afturkalla lóð sem trúfélag múslíma fékk úthlutað í Sogamýri. Samfylkingin verður þrátt fyrir þetta stökk Framsóknar sigurvegari kosninganna, verði niðurstöður í takt við skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn fær samkvæmt könnuninni 35,5 prósent atkvæða og sex borgarfulltrúa. Björt framtíð, arftaki Besta

Fjöldi borgarfulltrúa samkvæmt könnun
Heimild: Könnun Fréttablaðsins 27. og 28. maí 2014.



flokksins, tapar nærri helmingi þess fylgis sem Besti flokkurinn fékk í síðustu kosningum. Flokkurinn mælist nú með stuðning 18,6 prósent borgarbúa, og fengi samkvæmt því þrjá borgarfulltrúa. Sjálfstæðisflokkurinn nær aðeins þremur mönnum í borgarstjórn með 22,2 prósent fylgi. Vinstri græn fá aðeins 5,8 prósent og rétt ná inn einum borgarfulltrúa. Píratar ná einnig inn einum manni með 7 prósent fylgi. Meirihluti Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar, áður Besta flokksins, stendur því sterkur eftir kosningarnar þó valdahlutföllin hafi snúist á haus. - bj / sjá síðu 6

Leikskólabörn fá lítið pláss: Eykur líkur á sjúkdómasmiti

MENNTAMÁL Leikskólabörn í dag fá minna pláss í fermetrum talið en fyrir rúmum tveimur áratugum, samkvæmt rannsókn Kristínar Dýrfjörð, dósentis við Háskólann á Akureyri. „Það er einfaldlega búið að troða fleiri börnum í húsnæðið og þar af leiðandi fær hvert barn minna rými,“ segir Kristín. Vandi sem skapast vegna þessa er til að mynda aukið álag, slæm loftskipti og sjúkdómasmit. - ebg / sjá síðu 2

GÓÐA SKEMMTUN
OPIÐ TIL 18

SMÁRALIND

SPURNING DAGSINS



Magnús, geta menn ekki bara hjólað heima hjá sér?

„Fjölbreytni í kyrrstöðu er jafn mikilvæg og fjölbreyttir ferðamatár.“

Tvöfalt fleiri hjólaðamenn slósuðust í fyrra en árið áður. Magnús Jónsson, fyrrverandi formaður Samtaka um billausan lífsstíl, segir að í umferðarmeningunni sé einblínt á ökumenn.

Umhverfisnefnd Fljótsdalshéraðs rýnir í svarta skýrslu um fiskirannsóknir:

Hrun í öllu lífríki í Lagarfljóti

UMHVERFISMÁL „Sextíu til sjötíu prósentu fækkun bleikju og urriða í Lagarfljóti hlýtur að teljast hrun,“ segir í bókun umhverfis- og héraðsnefndar Fljótsdalshéraðs.

Umhverfisnefndin tók fyrir á síðasta fundi sínum skýrslu Veiðimálastofnunar um fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts, Jökulsár á Dal, Fögruhlíðarár og Gilsár. Rannsóknin náði til árunna 2011 og 2012.

„Jafnframt vekur ekki síður

ugg hversu rýr kostur er fyrir þá fiska sem þó tóra, að helstu fæðutegundir í vatnaböllum, svifkrabba og vorflugu eru horfnar,“ heldur umhverfisnefndin áfram og segir að fengur yrði að skýrslu um viðgang þessara tegunda.

„Nefndin hvetur Landsvirkjun til að fylgjast áfram með áhrifum af framkvæmdum og rekstri Fljótsdalsstöðvar á Lagarfljót og skoða mögulegar mótvægisáðgerðir,“ segir umhverfisnefnd Fljótsdalshéraðs.

-gar



Á FINNSTÖÐUM Óvíst er hversu mikill silungur verður eftir í Lagarfljóti fyrir Hafdísí Önnu Svansdóttur og hennar kynslóð.

MYND/HJÓRÐIS ÓLAFSDÓTTIR

Stórbruni í Stafangri:

Eldurinn barst á milli húsa

NOREGUR Slökkvilið Stafangurs var kallað út í gær þegar eldur kviknaði í timburhúsi við Verksgötu. Eldurinn barst í önnur hús og slökkvilið átti fullt í fangi með að hafa hemil á útbreiðslu hans.

Þrjátíu slökkviliðsmenn frá fjórum stöðvum voru kallaðir út til að slökkva eldinn.

Slökkvilið hvatti fólk til þess að halda sig frá miðbæ Stafangurs vegna hættu af eiturgufum frá brunanum. Ekki er vitað hvernig eldurinn kviknaði.

-kóh



FJALLABRÁÐUR Meðlimir kórsins fagna útgáfu lagsins sem tekið var upp á þriggja ára tímabili á yfir 150 stöðum. Þúsundir klukkustunda fóru í að vinna og klippa lagið saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Rúmlega 30.000 Íslendingar tóku þátt í gríðarstóru verki:

Þjóðlag Halldórs Gunnars tilbúið

MENNING Alls tóku 30.296 Íslendingar þátt í að syngja Ísland, nýtt þjóðlag, með kórnum Fjallabráðrum. Halldór Gunnar Pálsson, kórstjóri Fjallabráðra, hefur ferðast um land allt í þeim tilgangi að taka lagið upp.

Markmiðið var að fá þrjátíu þúsund Íslendinga til að syngja loka-kafala lagsins sem hann samdi við ljóð eftir Jökul Jörgensen.

Afrakstur verkefnisins má finna á thjodlag.is, en þar er hægt að sækja lagið gjaldfrjálst, horfa á myndbandið og lesa ljóðið.

-kóh

Hryðjuverkaárás í Nígeríu:

Boko Haram myrtu alls 33

NÍGERÍA Herskáir meðlimir hryðjuverkasamtakanna Boko Haram myrtu 33 lögreglu- og hermenn í nigerískri herstöð í vikunni. Uppreisnarmennirnir réðust til atlögu á mánudag í bænum Buni Yadi og myrtu þar átján hermenn og fimmtán lögreglumenn.

Árásin átti sér stað rúmum mánuði eftir að 200 nigerískum stúlkum var rænt og haldið fongnum af sömu samtökum.

Boko Haram þýðir „Vestræn menntun er synd“ á haúsatungumáli innfæddra. Markmið samtakanna er að eigin sögn að koma á og framfylgja strangari sjaríalögum í Nígeríu.

-kóh

Dagur segir málið leiðinlegt:

Svarar ekki fyrir Kristínu

STJÓRNMÁL Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, var inntur eftir viðbrögðum við ummælum Kristínar Soffíu Jónsdóttur í útvarpsþættinum Harmageddon í gær.

Fyrir tveimur árum sagði Kristín að „ömurlegt“ væri að Reykjavíkurborg væri búin að útdeila lóð til rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Dagur sagði í viðtalinu að Kristínu þætti allt þetta mál „náttúrulega bara mjög leiðinlegt“, en sagðist ekki svara fyrir Kristínu. „En ég skil um leið að henni hafi orðið bilt við þegar þetta birtist á Gay Pride á sínum tíma,“ bætti Dagur síðan við.

- sój

Sífelld minna pláss fyrir leikskólabörn

Samkvæmt tölfræðisamanburði Kristínar Dýrfjörð á aðbúnaði leikskólanna fær hvert barn færri fermetra en áður og hóparnir eru stærri. Hún segir breytingarnar koma til vegna hagrænna áherslna en aukið tillit þurfi að taka til þarfa barnanna.

MENNTAMÁL Leikskólabörn í dag fá minna pláss í fermetrum talið en fyrir rúmum tveimur áratugum, samkvæmt rannsókn Kristínar Dýrfjörð, dósentis við Háskólann á Akureyri.

„Húsnæði margra leikskóla hefur ekkert breyst eða stækkað en samt hefur plássunum fjölgað gríðarlega. Það er einfaldlega búið að troða fleiri börnum í húsnæðið og þar af leiðandi fær hvert barn minna rými,“ segir Kristín. Eftir að ný lög um leikskóla voru sett árið 2008 er hvorki hámark barnafjölda á


starfsmann né lágmarksfjöldi fermetra í gildi á Íslandi.

„Okkur hefur farið aftur og það á kostnað barnanna. Til að bregðast við hávaðamengun þá er starfið skipulagt út frá því að aga börn inn í rýmið, svo þau valdi ekki hávaða. Börnin eru gerð að vandamálinu í stað þess að gera kröfur um betri hljóðvist og fleiri fermetra fyrir hópinn.“

Vandi sem skapast í of stórum hópum í of litlum rýmum eru til að mynda aukið álag, slæm loftskipti og sjúkdómasmit.

„Ný rannsókn sem var gerð á Akureyri sýnir að á síðustu fjórum árum hafa veikindi aukist um 26 prósent meðal starfsmanna leikskóla vegna skorts á afleysingum, barnafjölda á deild og álagsins sem skapast. Allt sem

FLEIRI BÖRN Í LEIKSKÓLUM ÁN STÆKKUNAR HÚSNÆÐIS



Hópastærðir 3 ára barna í leikskólum

Íslensk reglugerð árið 1977

Hámark 20 börn

Amerísku barnalæknasamtökin

Hámark 14 börn

Á Íslandi í dag er engin reglugerð og ekkert hámark

Allt upp í 30 börn eru í hverjum hópi

veldur starfsfólki streitu veldur um leið streitu barnanna.“

Kristín segir að í umræðu um náttúruvernd sé iðulega rætt um að láta náttúruna njóta vafans þar sem áhrif inngríps og áðgerða eru metin. Hún vildi óska þess að sama gildi um börnin og aðbúnað þeirra.

„Sem dæmi greindi ég skýrslu sem lögð var til grundvallar sam-

einingum leikskóla í Reykjavík. Nær öll rök fyrir sameiningu voru hagræn. Hagsmunir barna, starfsfólks og foreldra voru í aftursætinu,“ segir Kristín og bætir við að sorglegt sé að þeim 400 milljónum sem spóruðust við sameiningu hafi frekar verið varið í verkefni eins og Hofsvallagötu og umbætur á sundlaugum, í dauða hluti en ekki fólk.

eria@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ



98.900

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Skoðið úrvalið á
www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Opið til kl. 16 á laugardag

Lægsta verðið á mat er oftast í Bónus samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ:

Mesti verðmunur á avókadó

NEYTENDUR Bónus í Skeifunni var oftast með lægsta verðið þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í lágverðsverslunum og stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu í byrjun vikunnar.

Hæsta verðið var oftast að finna hjá Samkaupum-Úrvali í Hafnarfirði eða í um þriðjungi tilvika. Í um fjórðungi tilvika var hæsta verðið hjá Víði og Nóatúni. Eins og áður sagði var lægsta verðið oftast að finna í Bónus eða í um helmingi tilvika.

Oftast var verðmunurinn á hæsta og lægsta verði vöru frá 1 prósentu upp í 25 prósent en algengast var að sjá 25-50 prósentu verðmun, en sjá mátti allt að 138 prósentu verðmun. Það var á avókadó, það kostaði 899 krónur kílóíð í Hagkaupum en 378 krónur í Fjarðarkaupum.

Af þeim 105 matvörum sem skoðaðar voru, var verðmunurinn minnstur á mjólkurvörum, osti og viðbiti eða alltaf undir 34 prósentum, en oftast var verðmunurinn frá 1 prósentu upp í 50 prósent.


-jme



HOLLT OG GOTT Talsverður verðmunur er á ávöxtum og grænmeti samkvæmt verðkönnun ASÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LEIÐRÉTTINGIN



Opnað hefur verið fyrir **ráðstöfun** **séreignarsparnaða**

- Þeir sem vilja ráðstafa séreignarsparnaði inn á fasteignaveðlán þurfa að sækja um.
- Heimildin nær til framlaga í séreignarsjóð af launum frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017.
- Sækja þarf um fyrir 1. september til að umsóknin gildi frá 1. júlí – eftir það gildir umsókn frá því að hún berst.
- Hámark ráðstöfunar öll þrjú árin er 1.500.000 kr. hjá einhleypum og 2.250.000 kr. samtals hjá hjónum og sambúðarfólki, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- Ráðstafa má inn á veðlán vegna kaupa/byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Nánari leiðbeiningar á rsk.is/leidretting

Senda má fyrirspurnir á netfangið adstod@leidretting.is

Upplýsingar eru veittar í síma 442-1900 milli kl. 09:30 og 15:30 alla virka daga

SVONA ERUM VIÐ



17 þúsund ferðamenn komu með Norrænu

til Seyðisfjarðar á síðasta ári. Það var 2,1% af öllum ferðamönnum sem komu til landsins.

Matvælastofnun á Íslandi og sænskir lækningar vara við megrunar- og fæðubótarefni sem selt er á netinu: Þrír Svíar létust af völdum megrunarefnis

NEYTENDUR Þrír Svíar hafa látist af völdum megrunarefnisins DNP sem er til sölu á netinu. Í handtösku eins hinna látnu, 44 ára konu, fannst ómerkt dolla með stórum, gulgrænum hylkjum sem innihéldu efnið DNP. Konan hafði pantað hylkin á netinu og notað sem megrunarlyf, að því er greint er frá í sænska læknaðinu.

Matvælastofnun varaði í fyrra við notkun fæðubótarefna eða megrunarvara sem innihalda efnið 2,4-dínitrófenól eða DNP. Katrín

Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun, segir efnið hafa þau áhrif á efnaskipti líkamans að í stað þess að orku sé breytt og hún geymd í frumum eða notuð af frumum líkamans þá breytist hún í varma. Líkamshiti geti hækkað þá mikiloð að það verði banvænt. Ekki eru til nein mótefni við eitrun af völdum dínitrófenóls.

Samkvæmt reglum um fæðubótarefni er innflytjendum skylt að tilkynna til Matvælastofnunar um ný fæðubótarefni. Ekki hefur verið

➔ **Markaðssett sem megrunarlyf**

DNP var markaðssett sem megrunarlyf upp úr 1930 en var fljótlega tekið af markaði vegna alvarlegra aukaverkana. Undanfarinn áratug hefur á ný borið á notkun þess.

tilkynnt um vörur sem innihalda dínitrófenól, að sögn Katrínar. „Við myndum stoppa það. Við höfum heldur ekki heyrt af því að einstaklingar séu að reyna að kaupa þetta en það segir ekki alla söguna. Það er ekki útilokað að íslenskir neytendur hafi keypt vöru sem inniheldur efnið.“

Katrín segir dæmi um að seldar séu vörur með efninu án þess að efnisins sé getið á umbúðum. Dæmi um slíkt er varan „Pure Caffeine 200“ sem reyndist innihalda DNP þó þess væri ekki getið á umbúðum. Það er talið afar hættulegt þar sem þá veit neytandinn ekki að hann er að neyta efnisins. -ibs



BLÓMVÖNDUR Angelou átti litríkan og fjölbreyttan feril. Hún snerti við mörgum með skrifum sínum.

Lýst sem þjóðargersemi: Skáldkonan Angelou látin

BANDARÍKIN Ljóðskáldið, rithöfundurinn og aðgerðasinninn Maya Angelou lést í gær, 86 ára gömul. Angelou er best þekkt fyrir ævisögu sína, I Know Why The Caged Bird Sings.

Í ævisögu sinni skrifar hún um misnotkun og kúgun í suðurríkjum Bandaríkjanna á fjórða áratugnum. Angelou var söngkona, leikkona og dansari áður en hún varð rithöfundur. -kóh

Segja málið um gagnastuld: Vodafone ekki fyrir dómstóla

SAKAMÁL Vodafone hyggst ekki vísa ákvörðun Persónuverndar í lekamálinu til dómstóla, en fyrir tækið áréttar að um gagnastuld hafi verið að ræða.

Vodafone sendi frá sér yfirlýsingu þar sem greint er frá þessu.

Í yfirlýsinguinni segir meðal annars að með því að vista samskiptasögu notenda á læstu heimasvæði hafi fyrirtækið aðeins ætlað að þjónusta notendur.

Því snúist málið um gagnastuld fremur en brot á lögum um persónuupplýsingar. Því ætli Vodafone ekki að vísa málinu til dómstóla. -rkr



BYLTINGARKENNDUR Nýr bíll Google gæti haft byltingarkennd áhrif á samgöngur og umferð.

Ekkert stýri eða bensínjölf: Sjálfvirk bifreið frá Google

TÆKNI Google hefur svipt hুল- unni af nýrri bifreið sem keyrir af sjálfu sér. Ekkert stýri er í bílnum né heldur bensínjölf eða hemlar, enda engin þörf á slíku, segir í tilkynningu fyrirtækisins.

Billinn hefur aðeins einn hnapp sem segir honum hvort hann eigi að keyra eða stansa. Billinn hefur farþegarými fyrir tvær manneskjur og nær hámarkshraðanum 40 kílómetrum á klukkustund.

Skyngjar nema bifreiðir og aðskotahluti í 200 metra radíus kringum bílinn, sem nýtist vel við stór gatnamót á háannatíma. -kóh

Dráttur á rannsókn getur létt refsinguna

Maður sem beðið hefur í fjögur ár eftir að rannsókn á fjársvikamáli sem hann tengist ljúki segist óvinnufær vegna biðarinnar. Enn er beðið og málið ekki komið til saksóknara. Eigur mannsins og konu hans hafa verið frystar frá árinu 2010.

LÖGREGLUMÁL Rannsókn á umfangsmiklu skattsvikamáli, þar sem starfsmaður ríkisskattstjóra er grunaður um að hafa svikið út 270 milljónir úr virðisaukaskattkerfinu, hefur dregist í nærri fjögur ár.

Málið kom upp í september 2010 þegar sex voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Starfsmaður ríkisskattstjóra, einn grunaðra, var vistaður í einangrun á grundvelli rannsóknarhagsmuna í fimm vikur en samtals sat hann í gæsluvarðhaldi í tólf vikur. Eignir hans og eiginkonu hans voru frystar þegar málið kom upp og hafa verið síðan.

Manninum var tjáð í september í fyrra að rannsókn málsins væri að klárast. Sömu svör fékk hann í apríl á þessu ári en þegar maðurinn greinlaust aftur fyrir um málið síðastliðinn þriðjudag fékk hann þau svör að málið væri enn í höndum lögreglu og ekki komið til málsmeðferðar hjá ríkissaksóknara. „Staða mín er bara á bið,“ segir maðurinn. „Það eru allir í fjölskyldunni í rusli eftir þetta en við getum ekki annað en beðið.“

Manninum var sagt upp störfum í kjölfar þess að málið komst upp og segist hann hafa verið óvinnufær síðan. „Ég er bara andlegur öryrki,“ segir hann.

Verjandi mannsins, Björgvin Þorsteinsson, segir að dráttur málsins sé með ólíkindum. „Það eru sjálfsagt komin þrjú ár síðan þetta mál lá ljóst fyrir og hægt var að gefa út ákær.“

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir að drátturinn geti haft áhrif á ákvörðun dómstóla þegar málið kemst loks þangað. -snaeros@frettabladid.is



STARFSMAÐUR RÍKISSKATTSTJÓRA Maðurinn er grunaður um að hafa nýtt sér aðstöðu sína til að endurgreiða virðisaukaskatt af húsum sem aldrei voru byggð.

„Menn eiga rétt á greiðri málsmeðferð bæði á rannsóknarstigi og dómstigi og ef brotið er á þeim rétti sakborninga þá leiðir það iðulega til þess að það hefur áhrif á refsiakvörðunina. Það getur haft áhrif á fjárhæð sektar og lengd fangelsisvistar eða miklu frekar að dómstólar hafa verið að skilorðsbinda fangelsisrefsingar,“ segir Ragnar.

Hann bendir á að ríkið geti orðið skaðabótaskyldt verði maðurinn sýknaður. Þá geti löng bið eftir niðurstöðu máls haft slæm áhrif á andlega heilsu sakborninga. Fólk verði þunglynt og aðgerðalaust.

Ragnar bendir á að þegar dómur fellur taki við lengri bið eftir því að komast að í fangelsi. Í lok árs 2012 höfðu 102 einstaklingar beðið lengur en í þrjú ár eftir því að sitja af sér sinn dóm. -snaeros@frettabladid.is

„Menn eiga rétt á greiðri málsmeðferð bæði á rannsóknarstigi og dómstigi og ef brotið er á þeim rétti sakborninga þá leiðir það iðulega til þess að það hefur áhrif á refsiakvörðunina.“


Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður

Stjórnámamenn látnir lausir: Alls 124 lausir úr haldi í gær

TAÍLAND Taílenski herinn segist hafa látið 124 stjórnámamenn og aðgerðasinnna lausa úr varðhaldi í gær. Talsmaður hersins sagði 253 manns hafa verið boðaða í varðhald en 53 hafi ekki svarað skipunum um að gefa sig fram. Eftir sitji því 76 í varðhaldi.

Fólkíð var látið laust með þeim skilyrðum að það léti herinn vita um ferðir sínar og tæki ekki þátt í nokkurri stjórnmálalegri athafnasemi. Fyrrverandi forsætisráðherra landsins, Yingluck Shinawatra, er laus úr varðhaldi en þó gegn einhverjum skilyrðum. Herinn tók völdin í Taílandi fyrir viku, þann 22. maí, og sagðist þá vilja koma á friði og reglu í landinu þar sem óeirðir hafa geislað mánuðum saman. -kóh

Veðurspá



BEST NORÐAUSTANLANDS. Næstu daga verður veðrið best á norðausturhorninu, mesta sólin, hæstur hitinn og minnsta rigingin þar um helgina þegar rigingin ræður ríkjum sunnan og vestan til.

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 23°	Friedrichshafen 20°	New York 18°
Apéna 29°	Gautaborg 17°	Orlando 30°
Basel 24°	Kaupmannahöfn 17°	Ósló 21°
Berlín 14°	Las Palmas 23°	París 20°
Billund 17°	London 18°	San Francisco 20°
Frankfurt 19°	Mallorca 22°	Stokkhólmur 13°

Á MORGUN
Vaxandi vindur og úrkoma SV-lands undir kvöld.

LAUGARDAGUR
Minnkandi vindur vestan til annars fremur hægur vindur.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

KitchenAid
THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

95th Anniversary 1919-2014

HH 50
1964-2014

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Það munar um tæpa 200 milljarða – á aðeins 7 árum

Hjá Fjarðaáli eru árlega framleidd um 344 þúsund tonn af hreinu gæðaáli og álblöndum. Álið er notað í byggingariðnaði og samgönguiðnaði, svo sem við framleiðslu á bílum, flugvélum, járnbrautalestum og geimferjum. Fjarðaál framleiðir einnig álvíra sem eru m.a. notaðir í ýmsar gerðir háspennustrengja.

Fjarðaál flutti út vörur fyrir um 95 milljarða króna á árinu 2013. Af útflutningstekjum Fjarðaáls urðu um 35% eftir í landinu, eða tæpir 33 milljarðar króna, m.a. í formi opinberra gjalda, launa, innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu auk samfélagsstyrkja. Alls hafa greiðslur Fjarðaáls vegna kaupa á aðföngum innanlands til síðustu áramóta numið um 193 milljörðum króna frá því að fyrirtækið tók til starfa hér á landi árið 2007.

Á árinu 2013 greiddi Fjarðaál 1,5 milljarða króna í opinber gjöld til ríkisins og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Starfsfólk Fjarðaáls greiddi um 1,4 milljarða króna í tekjuskatt og útsvar til ríkis og sveitarfélaga.

Þrjú ár tók að byggja álverið, byggingarkostnaður nam um 220 milljörðum króna. Það eru þekktar aðstæður í rekstri fyrirtækja með miklar nýfárfestingar að uppsafnað tap, háar afskriftir og háar afborganir af lánum valda því að ekki er greiddur tekjuskattur fyrstu rekstrarárin. Tekjuskattur er eingöngu einn liður í framlagi fyrirtækisins til þjóðarbúsins.

Hjá Fjarðaáli og verktökum á álverssvæðinu vinna um 930 manns. Fjarðaál greiddi um 5,1 milljarð króna í laun og launatengd gjöld árið 2013. Frá árinu 2007 hefur verið varið rúmum 13 milljörðum króna til fjárfestinga vegna starfseminnar, þar af rúmum einum milljarði árið 2013.

Kynntu þér upplýsingar í nýju staðreyndaskjali um rekstur Alcoa Fjarðaáls á árinu 2013. **Þú finnur þær á alcoa.is.**

VEISTU SVARID?



1. Fyrir hvaða erlenda tónlistarmann mun GusGus hita upp í Kórnum í ágúst?
2. Hvert var tap Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi?
3. Hver var markahæsti Íslendingurinn í þýsku 1. deildinni?

SVÖR:

1. Justin Timberlake, 2. 124 milljónir, 3. Bjarki Már Elísson.

Samningar undirritaðir um fyrirhuguð kísilver í Helgúvík og á Grundartanga:

Samið vegna áætlaðra kísilvera

VIÐSKIPTI Gengið var frá samningum vegna tveggja fyrirhugaðra kísilvera í hádeginu í gær.

Annars vegar er það samningur um kaup bandaríska fyrirtækisins Hunter Douglas Metals á kísilmálm í fyrirhuguðu kísilveri Thorsil ehf. í Helgúvík. Samningurinn er til átta ára og er metinn á 67 milljarða króna og nær til 45 prósent af heildarframleiðslu kísilverans. Áætlað er að 130 hálaunastörf verði til í kísilverinu.

Hinn samningurinn kveður á um samkomulag milli Faxaflóahafna og Silicor Materials um uppbyggingu á hafnarsvæði við Grundartanga vegna fyrirhugaðs kísilverans Silicor Materials á svæðinu.

Áætlað er að bygging beggja kísilveranna hefjist í lok árs. Þó er hvorki búið að tryggja raforku frá Landsvirkjun á Grundartanga né í Helgúvík. Viðræður við Landsvirkjun standa yfir.

-ih



KAUPSAMNINGUR í gær var undirritaður tuga milljarða samningur um sölu á kísilmálm.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

Verður af skatttekjum: Um 14 milljarða evra skattsvik


FRAKKLAND Franska ríkið verður af 14 milljörðum evra í skatttekjur á ári vegna skattsvika. Francoís Hollande Frakklandsforseti hefur hækkað tekjuskatta, virðisaukaskatt og fyrirtækjaskatt síðan hann var kosinn til embættis fyrir tveimur árum.

Ríkisstjórnin bjóst við 30 milljörðum evra aukalega vegna skattahækkanna, en aðeins 16 milljarðar, rétt rúmur helmingur þess sem áætlað var, skilaði sér í ríkiskassann.

-kh

STUÐNINGUR VIÐ STJÓRNMAŁAFLOKKANA Í BORGinni

Heimil: Könnun Fréttablaðsins 27. og 28. maí 2014.



*Bauð fram undir merkjum Besta flokksins í kosningunum árið 2010.

Samfylkingin langstærst í Reykjavík

Samfylkingin og Björt framtíð njóta samanlagt stuðnings meirihluta borgarbúa og fá sama fjölda borgarfulltrúa og í síðustu kosningum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Framsókn bætir við sig miklu fylgi og nær inn manni.

KÖNNUN Samfylkingin er langstærsti flokkurinn í Reykjavík samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn fær rúman þriðjung atkvæða og sex borgarfulltrúa af fimmján samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Meirihluti Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar, arftaka Besta flokksins, er ekki í hættu samkvæmt könnuninni, þó valdahlutföllin hafi snúist við. Flokkarnir fá samtals 54,1 prósent atkvæða og nýu borgarfulltrúa.

Samfylkingin fær samkvæmt könnuninni 35,5 prósent atkvæða. Staða flokksins hefur stórbatnað frá kosningunum árið 2010, þegar flokkurinn fékk 19,1 prósent og þrjú borgarfulltrúa kjörna. Fylgið hefur aukist verulega frá síðustu könnun, sem gerð var í lok apríl, þegar flokkurinn mældist með 26,6 prósent fylgi.

Björt framtíð mældist með stuðning 18,6 prósent borgarbúa, en Besti flokkurinn vann kosningasigur með 34,7 prósent fylgi í síðustu kosningum. Björt framtíð fær samkvæmt þessu þrjú borgarfulltrúa, en Besti flokkurinn náði inn sex fulltrúum í kosningunum 2010.

Framsóknarflokkurinn, sem býður fram undir merkjum Framsóknar og flugvallarvina, tekur stökk og mældist nú með 9,2 prósent fylgi. Fylgið hefur aukist mikið frá síðustu könnun, sem gerð var í lok apríl, þegar 5,2 prósent borgarbúa studdu flokkinn. Framboðið virðist öruggt með að ná inn einum manni, samkvæmt könnuninni. Framsóknarflokkurinn fékk aðeins 2,7 prósent atkvæða í síðustu kosningum og hefur því ekki haft borgarfulltrúa þetta kjörtímabil.

Sjálfstæðisflokkurinn býður afhröð og tapar þriðjungi af fylginu sem flokkurinn fékk í síðustu kosningum þrátt fyrir að hafa verið í stjórnarandstöðu allt kjörtímabilið. Flokkurinn fær samkvæmt könnuninni 22,2 prósent atkvæða og þrjú borgarfulltrúa, en var með 33,6 prósent fylgi og fimm borgarfulltrúa í síðustu kosningum.

Vinstri græn eru samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 með einn borgarfulltrúa, en hann stendur afar tæpt. Alls segjast 5,8 prósent ætla að kjósa Vinstri græn, en 7,2 prósent studdu flokkinn í síðustu kosningum. Píratar mældist með 7 prósent

Aðferðafræðin

Hringt var í 2.118 manns þar til náðist í 1.504 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki 27. og 28. maí. Svarhlutfallið var 71 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegur að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 66,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

fylgi, sem skilar þeim einum borgarfulltrúa.

Alls ætla 0,8 prósent borgarbúa að kjósa Dögun, og 0,3 prósent stýðja Alþýðufylkinguna.

brjann@frettabladid.is

Krít

Frá kr. 110.900 án fæðis
Omega Apartments



Netverð á mann frá kr. 110.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 127.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. Sértilboð 12. júní í 11 nætur.

Tyrkland

Frá kr. 109.900
Eken Resort



Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 139.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. Sértilboð 12. júní í 14 nætur.



Skógarhlí 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is



Fjármálaráðherra segir koma til greina að selja Landsbankann upp í skuldir:

Óvíst hvernig ríkið greiði LSR

LÍFEYRISMÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að vinna við áætlun vegna stöðu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) sé skammt á veg komin.

Sjóðir B-deildar LSR munu tæmast árið 2027. Að óbreyttu mun ríkið þurfa að greiða LSR 23-24 milljarða árlega eftir 2027. Bjarni telur að auðveldasta leiðin til þess að grynka á skuldum ríkisins og skuldbindingum gagnvart LSR sé að selja eignir. „Sú eign sem helst



BJARNI BENEDIKTSSON

„Síðustu fjögur til fimm ár hafa menn ýtt vandanum á undan sér.

kemur þar til álita er Landsbankinn.“

Lífeyrir sem A-deild LSR hefur lofað var umfram eignir sjötta árið í röð. Bjarni telur brýnt að bregðast við stöðunni.

23 til 26

milljarða þarf ríkið að greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á ári eftir árið 2027.

Annaðhvort þarf hærri iðgjöld frá ríkinu eða samkomulag um breytt lífeyrisséttindi.“ Bjarni segir viðræður við Lífeyrissjóði um stöðu A-deildar fara fram í sumar. -ih

SUMAR SPRENGJA

Opið

Opið í dag frá: 12-17

Opið

Merkjavörur frá:

Deres

SMASH

galleri **sautján**

COMPANYS

URBAN

Bolur: 2.995,-



Meira úrval

Buxur: 3.500,-

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING

DIESEL buxur: 2.000,-

5

Allar 5 Units buxur: 3.000,-

Humör

Allar Humör buxur: 5.000,-



Allar Cheap Monday: 3.000,-

Mikið úrval af klútum: 1.995,-

Golla: 3.995,-
Hlýrabolur: 2.995,-



Fleiri litir

Buxur: 3.995,-



Toppur: 4.500,-



Allir hlýrabolir: 1.995,-



Gott verð 1.000,-

Hælaskór: 3.000,-



Converse strigaskór: 7.000,-



Hælaskór: 3.000,-



Ballerínur: 3.000,-

Full verslun af nýjum sumarvörum...

Frábær sumartilboð í gangi

+++ **OUTLET 10** +++
merki fyrir minna

Sendum í póstkröfu

OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á [facebook](#)

OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

MJÁ TAKK!

FORLAGIÐ


1.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

2.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014


3.


 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

4.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

5.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

6.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

7.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

8.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

9.

 Metsölulisti
Eymundsson
Klár 21.05.–27.05.2014

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

Hluti barna látinn borga heim með sér

Hópur barna er látinn nota þá peninga sem hann vinnur sér inn til að kaupa mat fyrir fjölskyldu sína. Eitt til tvö prósent barna eru látin borga með sér heim. Um fimmtungur barna slasast við störf. Flest börn vinna í unglingavinnu á sumrin.

RANNSÓKNIR „Peningurinn, var svarið sem ég fékk þegar ég spurði börn á aldrinum 13 til 17 ára hvers vegna þau væru að vinna. Þau tala hins vegar ekki um að það sé gaman í vinnu,“ segir Margrét Einarsdóttir, sem í dag ver doktorsritgerð sína, Launavinna barna og unglinga, við Háskóla Íslands. Ritgerðin er unnin úr svörum um 1.000 barna sem var safnað á árunum 2007 til 2008.

Í ritgerðinni kemst Margrét meðal annars að þeirri niðurstöðu að ákveðin togstreita ríki á milli efnahagslegrar og líkamlegrar velferðar ungmennanna þegar kemur að atvinnuþátttöku þeirra. Ungmennin leggja áherslu á að þau vilji vinna sér inn peninga, tekjurnar færi þau í átt til sjálfstæðis og ábyrgðar og í sumum tilfellum þurfi þau á tekjunum að halda til að standa straum af eigin framfærslu.

Margrét segir að það séu nokkuð sterk tengsl á milli menntunar foreldra og þess hversu gömul börnin eru þegar þau fara að vinna. „Börn sem eiga háskólamenntaða foreldra eru eldri þegar þau fara að vinna á sumrin og þau vinna styttri vinnuviku. Þau eru jafnframt ólíklegri til að vinna með skóla,“ segir hún.

Margrét segir að börn og unglingar á þessum aldri vinni af fjárhagslegum ástæðum, það geti svo tengst öðrum þáttum, til dæmis að þau vilji bera ábyrgð á sjálfum sér að hluta. Eldri börnin greiði oft og tíðum sjálf innritunargjöld í framhaldsskóla og borgi fyrir eigin bækur.

Sum barnanna keyptu mat til heimilisins fyrir það fé sem þau unnu sér inn.

„Það bendir til þess að sumar



TOGSTREITA Margrét Einarsdóttir kemst að þeirri niðurstöðu í doktorsritgerð sinni að togsteita ríki milli efnahagslegrar og líkamlegrar velferðar ungmenna þegar kemur að atvinnuþátttöku.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

Fimmtungur slasast í vinnu

Algengast er að börn og unglingar stundi störf á vegum vinnuskólans á sumrin en í öðru sæti eru verslunarstörf. Flestir þeir sem vinna með skóla vinna verslunarstörf í stórmörkuðum.

Í rannsókn Margrétar Einarsdóttur kemur fram að um fimmtungur ungmennanna, það er um 200 börn, hafi orðið fyrir vinnuslysnum, í sumum tilfellum alvarlegum.

„Það voru 5,9 prósent barnanna sem höfðu orðið fyrir það alvarlegu slysi að þau voru frá vinnu í viku eða lengur. Sum sögðust hafa verið frá vinnu fjórar vikur eða lengur. Það voru til að mynda ungmenni sem höfðu beinbrotnað í vinnu.“

Pá segir Margrét að það komi fram að börn sem vinna mikið og reglulega með skóla séu í meiri hættu á að finna fyrir stoðkerfisverkjum, sérstaklega bakverkjum.

fjölskyldur þurfi á launum barnanna að halda til að halda sér uppi,“ segir Margrét.

Þá segir hún að á milli eitt og tvö prósent barnanna, eða 20 til 30, hafi sagt að þau þyrftu að borga með sér heim.

Annars segir Margrét að sér sýnist að frá því fyrir aldamót og fram að hrúni hafi dregið úr vinnu barna og unglinga á sumrin. Hins vegar hafi vinna barna og unglinga með skóla aukist.

johanna@frettabladid.is

110
1904-2014 ára

FÁLKINN
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA

**Flytjum á Dalveg 10–14
í Kópavogi**

Lokað föstudaginn 30. maí vegna flutnings

**Opnum á nýjum stað
mánudaginn 2. júní**

Sími: 540 7000 • www.falkinn.is



7 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■

282 verkfæri 199.900 m/vsk

FRÁBÆRT VERÐ Á VERKFÆRUM

TOPPA, OG BITASETT

41 stk. 1/4" toppar 4 - 14mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Framlengingar
Skrall og bitar
Sterk plasttaska

vnr IBTGADW4101

5.900 m/vsk

Frábært verð




8 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■

322 verkfæri 239.900 m/vsk

SKRÚFSTYKKI

6" skrúfstykki með
snúningi 180°.
6" Opnun

vnr IBTDJAC0106

16.900 m/vsk

Fullt verð 26.735




7 SKÜFFUR

SÁ VINSÆLI ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■

323 verkfæri 179.900 m/vsk

TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 25.231



SKRÚFJÄRNSETT 21 STK

3.900 m/vsk

Fullt verð 5.112



AFEINANGRUNARTÖNG

2.900 m/vsk



SKRÚFJÄRNASETT 20 STK

Blandað sett
sexkantsbitar
Skrúfbitasjárn
m/skralli

vnr IBTGZC2005

3.900 m/vsk

Fullt verð 8.005

BARA Á NETINU



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900

VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, tång
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

22.900 m/vsk

Fullt verð 37.200



TILBOÐ

Krónan er hentug undankomuleið

Ætli Íslendingar að halda í krónuna verða þeir áfram fastir í vítahring verðbólgu og gengisfellinga, segir hollenski hagfræðingurinn Roel Beetsma. Áður en af aðild að evrusvæðinu getur orðið þurfa Íslendingar að gera vinnumarkaðinn sveigjanlegri og ráðast í markaðsumbætur.

Guðsteinn Bjarnason
guðsteinn@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL „Ísland myndi vissulega glata sjálfstjórn í peningamálum, og það út af fyrir sig gæti orðið vandamál vegna þess hve mikil sérhæfing er í íslensku atvinnulífi,“ segir hollenski hagfræðingurinn Roel Beetsma, sem telur engu að síður nauðsynlegt að Íslendingar stefni af alvöru að því að ganga í Evrópusambandið til þess að geta í framhaldinu tekið upp evru.

Kostirnir væru þeir að Ísland myndi losna út úr vítahring verðbólgu og gengisfellingar, sem löngum hefur fylgt íslensku krónunni. Þá myndu viðskipti við útlönd aukast og vextir á húsnæðislánum lækka, svo nokkuð sé nefnt.

„En þetta er kannski frekar langtímasjónarmið,“ segir hann. „Þið þurfið náttúrulega fyrst að losna við gjaldyrishöftin.“

Beetsma er hagfræðiprófessor við Háskólann í Amsterdam. Hann flutti í gær fyrirlestur á ráðstefnu sem Evrópustofa skipulagði í samvinnu við Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Á ráðstefnunni var rætt um krónuna, evruna og höftin, en Beetsma fjallaði meðal annars um þann lærdóm sem Íslendingar geta dregið af kreppunni í Evrópu. Evruríkin hafa þegar dregið margvíslegan lærdóm af kreppunni og eru í óða önn að innleiða ýmiss konar breytingar á fjármálaumhverfi sínu.

„Það sem mikilvægast er hér á landi er að finna leið til að koma í veg fyrir að launakostnaður hækki stöðugt,“ segir Beetsma. Hann segir að fyrir kreppuna hafi launakostnaður hækkað mun meira á Íslandi en í öðrum löndum, sem þýddi að Ísland varð tiltululega ósamkeppnishæft.

Nauðsynlegar markaðsumbætur eru yfirleitt óvinsælar vegna þeirra hagsmuna sem í húfi eru.

Roel Beetsma
hagfræðingur

„Og hvernig leysti Ísland þetta? Lausnin hér fólst í gríðarmiklu gengisfalli, um 50 prósent. En þegar Ísland væri komið inn í Evrópusambandið og inn á evrusvæðið, þá yrði gjaldmiðillinn aðeins einn og þess vegna ekki hægt að fella gengið. Þannig að áður en þið gangið inn þá þurfið þið fyrst að tryggja að markaðir verði orðnir nægilega sveigjanlegir til að geta tekist á við erfið áföll.“

Þetta er að hans mati mikilvægasti lærdómurinn sem Ísland getur dregið af evrukreppunni. Hann segir ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að aukið atvinnuleysi geti fylgt evrunni.

„Ég held að það sé misskilningur. Ef markaðir virka nógu vel þá hefur það engin áhrif á atvinnustig. Sjáðu til, rétt eins og í öðrum löndum þá eru íbúar á Íslandi að eldast. Þannig að í framtíðinni held ég að vandamálið verði frekar skortur á vinnuafli en offramboð.“

Hann segir Íslendinga óhjákvæmilega lenda í blindgötu, ætli þeir sér að halda fast í krónuna. „Að vera með eigin gjaldmiðil í svona litlu landi er eins konar undankomuleið fyrir stjórnvaldamenn. Það gerir þeim kleift að sleppa við að taka óvinsælar ákvarðanir. Nauðsynlegar markaðsumbætur eru yfirleitt óvinsælar vegna þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Við höfum séð það í löndum á borð við Grikkland, Frakkland, Ítalíu og Portúgal að þar voru menn fastir í þessum sama vita-



ROEL BEETSMA „Að vera með eigin gjaldmiðil í svona litlu landi er eins konar undankomuleið fyrir stjórnvaldamenn. Það gerir þeim kleift að sleppa við að taka óvinsælar ákvarðanir.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hring hárrar verðbólgu og stórtækra gengisfellinga áður en þessi lönd gengu í ERM-samstarfið og tóku síðan upp evruna. Menn komu sér hjá því að gera nauðsynlegar umbætur og sátu uppi með lélega samkeppnishæfni. Þannig að til lengri tíma litíð tel ég að það yrði blindgata fyrir Íslendinga að halda fast í eigin gjaldmiðil.

Hann viðurkennir að umbætur af þessu

tagi geti bitnað illa á almenningi, enda sé það einmitt þess vegna sem stjórnvaldamenn hika við að ráðast í þær.

„Það verða alltaf einhverjir sem verða undir. En ég held að það verði að horfa á efna-hagslífið í heild. Ef hægt er að auka hagvöxtinn þá munu flestir hagnast á því, þótt með ólíkum hætti sé. Meiri hagvöxtur skilar sér líka fyrir eða síðar til hinna.“

Svínaræktendur ætla að hætta að gelda grísi með umdeildri aðferð:

Ætla að láta á það reyna hvort dýralæknar vilji gelda grísina

LANDBÚNAÐUR „Við verðum að láta á það reyna hvort við fáum dýralækna til að gelda grísi fyrir okkur. Ef það gengur ekki verða stjórnvöld að koma að málinu,“ segir Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélag Íslands.

Svínaræktarfélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í gær þess efnis að það þá yrði hætt að gelda grísi með þeim hætti sem tíðkað hefur verið. Það er að taka grísina og gelda þá án deyfingar. Slíkt var bannað með lögum frá síðustu áramótum.

Þær leiðir sem taldar eru koma til greina eru að deyfa eða svæfa dýrin og gelda svo. Samkvæmt lögum um velferð dýra sem tóku gildi um áramót eru það dýralæknar sem eiga að gelda dýrin. Talið er að á hverju ári þurfi að gelda um 30 þúsund grísi hér á landi.

Hörður segir að svínaræktendur hafi gengið illa að fá dýralækna til að gelda. Stór svínabú hafi auglýst eftir dýralæknum en án árangurs. „Við ætlum hins vegar að láta á það reyna hvort við fáum dýralækna til að sinna þessu. Ef það tekst ekki er það ekki okkar sök,“ segir Hörður.



BJARTEYJARSANDUR - BEINT FRÁ BÝLI- MATVÆLI OG DÝR BÖRNIN EFTIR ALDRI ELFAR, BJARTEY OG ARNA GRÍSIS OG SVÍN

Hann segir að til lengri tíma litíð hljóti besta leiðin út frá velferð dýranna að vera að hætta

geldingum alfarið. Fylgst verði náið með hvernig þau mál þróist erlendis.

-jme

ÓLÖGLEGAR GELDINGAR Á GRÍSUM

23.10.2012
Frumvarp lagt fyrir Alþingi um velferð dýra. Lagt til að bannað verði að gelda grísi án deyfingar.

26.03.2013
Lög um velferð dýra samþykkt frá Alþingi. Bannað að gelda grísi án deyfingar. Gefinn er umþóttunartími.

01.01.2014
Lög um velferð dýra taka gildi. Bannað að gelda grísi án deyfingar.

23.-28.05.2014
Fréttastofa RÚV vekur athygli á að svínabændur hafi ekki farið að lögum og haldi áfram að gelda grísi án deyfingar.

24.05.2014
Yfirdýralæknir lýsir því yfir að hann ætli að gefa svínabændum frest til áramóta til að fara að lögum.

25.05.2014
Landbúnaðarráðherra lýsir því yfir að hann telji ekki ástæðu til að banna

ólöglegar geldingar strax. Svínabændur þurfi lengri aðlögunartíma.

28.05.2014
Matvælastofnun sendir frá sér yfirlýsingu og gefur svínabændum frest til 10. júní til að skila áætlun um hvernig þeir hyggist hætta ólöglegum geldingum á grísum.

28.05.2014
Svínabændur segjast í yfirlýsingu ætla að hætta að gelda grísi með þeim hætti sem það hefur verið framkvæmt.

1.
Metsölulisti
Eymundsson
Kiljur 21.05.-27.05.2014

L Í F S M Ö R K

beint í fyrsta sæti á
kiljulistu Eymundsson!

„Fantavel skrifuð, ljóðrænar og fallegar lýsingar má finna víða ... Tel þessa bók með því besta sem ég hefi lesið nýlega eftir íslenskan höfund.“


HJÖRDÍS SMITH, SVÆFINGA- OG GJÖRGÆSLULÆKNIR

FORLAGIÐ

www.forlagid.is

DEBENHAMS

*Gerðu lífid
skemmtilegra*



krakka DAGAR
KAUPTU 1 FÁÐU 1 Á
**HÁLF
VIRÐI***
ALLUR BARNAFATNAÐUR & SKÓR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HERRAFÖTUM

Opið 13 - 18 í dag

- *Gildir ekki af öðrum tilboðum
- *Greitt er fullt verð fyrir dýrari flíkina
- *Öll tilboð gilda út sunnudag.

 Finndu okkur á facebook



DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

BYLTING Í SJÁVARÚTVEGI OG STAÐA SJÁVARBYGGÐA

1 2

Óvissuna verður að uppræta

Ekkert bendir til annars en að byggðalegar lausnir meðfram núgildandi fiskveiðistjórnun hafi brugðist með öllu. Íbúar lítilla sjávarbyggða sem treysta á sjávarútveg lifa í algjörri óvissu frá degi til dags. Byggðastofnun hefur þegar tekið upp nýja aðferðafræði við úthlutun kvóta, og horfir til lausna fyrir stærri vinnusóknarsvæði en ekki fyrir einstakar sjávarbyggðir eins og hingað til hefur verið.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Endanlega virðist komið á hreint að markmið stjórnvalda með úrræðum til að mæta óvissu og tryggja stöðugleika sjávarbyggða meðfram núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi nást ekki. Byggðastofnun hefur þegar breytt aðferðafræði sinni við að deila út byggðakvóta. Framtíðarsýn sérfræðinga til að uppræta óvissuna sem fylgir kerfinu snýr að skýrt afmörkuðum vinnusóknarsvæðum í stað þess að plástra vandamálín jafnóðum og þau koma upp í einstökum sjávarbyggðum.

Í dag, ekki á morgun

Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps, sagði í kjölfar ákvörðunar Vísis hf. á þriðjudag, um að halda áfram vinnslu á Djúpavogi næsta árið, eitthvað á þá leið að staðan væri betri í dag en hún var 28. mars. Áfangasigur hefði verið unninn. Þarna vísar hann til þess dags að Vísir birti á heimasíðu sinni tilkynningu um að fyrirtækið áformaði að flytja alla sína fiskvinnslu til Grindavíkur. Í þessum orðum Gauta felst auðvitað að Djúpavogsbúar fóru sáttaðir að sofa að kvöldi 27. mars til þess eins að vakna við þær fréttir að framtíðin væri sveipuð mikilli óvissu.

Tvær hliðar á peningnum

Ein fyrirferðarmesta röksemd útgerðarinnar gegn ýmsum hugmyndum við endurskoðun fiskveiðistjórnunar hér á landi, skiljanlega, hefur lotið að óvissu um framtíðarskipulag greinarinnar. Fullyrt er að þessi óvissa hafi tafið hagræðingu og framþróun í sjávarútvegi og ítrekað bent á nauðsyn þess að þær reglur sem sjávarútvegsfyrirtækjum eru settar gildi til langs tíma.

Þegar gildandi lög um stjórn fiskveiða og hugmyndir um breytingar þeirra eru krufnar má þar finna skýra markmiðasetningu; verndun auðlindarinnar með sjálfbærri nýtingu, arðsemi fyrirtækja og stöðugt rekstrarumhverfi auk þess sem tryggja á þjóðinni sanngjarna rentu af sjávarauðlindinni. Hart er tekist á um þessi atriði og svo verður áfram, en markmiðin eru allavegja skýr. En í lagatextum er líka talað um að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu og allra síðustu ár er markmið að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmunum komandi kynslóða í huga.

Um þetta tvennt samanlagt og í hnotskurn má segja að tekist hafi að tryggja sjálfbæra nýtingu nytjastofna og arðsemi greinarinnar fer ekki fram hjá neinum, þótt misjafnlega gangi á milli ára. En þegar hin hliðin á peningnum er skoðuð má spyrja hvort markmiðum um trausta atvinnu og byggð í landinu hafi verið sinnt af alúð. Og því frekar má spyrja hvort ekki megi snúa kröfu útgerðarinnar um fyrirsjáanleika kerfisins upp á sjávarbyggðirnar í landinu. Það er skiljanleg krafa að vita hvað er fram undan þegar kaupna atvinnutæki og byggja upp fyrirtæki. En sú krafa ætti að vera jafn sjálfsögð þegar fjölskylda kaupir sér hús eða stofnar fyrirtæki sem byggir á sjávarauðlindinni þótt með óbeinum hætti sé.

Þessu mætir löggjafinn með því sem nefnt er önnur aflahlutdeild; byggðakvóti, línuvildun, rækju- og skelbætur og strandveidar svo fátt eitt sé talið.

Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri og



Á STÖÐVARFIRÐI Bent er á að tími sé kominn til þess að menn viðurkenni þá staðreynd að útgerð verður ekki byggð upp aftur í mörgum litlum þorpum á landsbyggðinni. Tækifæri þeirra felist hins vegar í uppbyggingu ferðaþjónustu eins og dæmi eru um.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ALLT TIL SKOÐUNAR Á NÆSTA ÞINGVETRI



Það verður eitt stærsta viðfangsefni á komandi þingvetri að landa endurskoðuðum lögum um stjórn fiskveiða. Sigurður Ingi Jóhannesson ræddi það á borgarafundi á Djúpavogi að stjórnvöld yrðu að finna skynsamlegri leiðir til að nýta aflaheimildir ríkisins til byggðaverkefna. Hann sagði stjórnvöld þurfa að móta leikreglur sem héldu bæði blómlegri byggð um allt land en tryggðu líka samkeppnisfærni sjávarútvegsfyrirtækja, eins og kom fram í fréttatflutningi Austurfrétta af fundinum.

Í viðtali við Fréttablaðið eftir fundinn sagði Sigurður ljóst að reynsla þeirra úrræða sem hingað til hefur verið beitt væri ekkert til að hrópa húrta fyrir. Þess vegna lúti endurskoðunin að því að koma byggðum út úr vanda en ekki „hjakka í sama farinu“ eins og Sigurður orðar það. „Þessi vinna mun kallast á við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða en við köllum eftir því hvernig atvinnugreinin ætlar að koma að málinu. Það er mín skoðun að það sé heppilegast að gera þetta í sameiningu. En ef þetta lendir eingöngu á ríkinu þarf ríkið að hafa til þess burði, nægilegar aflaheimildir. Þess utan er áætlað að fara yfir félags-, byggða- og atvinnulega potta til að skýra hverju við ætlum að ná með þeim,“ sagði Sigurður.

stjórnarformaður Byggðastofnunar, segir að þessar aðgerðir eigi það sammerkt að vera fremur ómarkvissar og ólíklegar til að ná því markmiði að efla sjávarbyggðir til framtíðar.

Ómarkvissar leikreglur

„Sá sjávarútvegur sem við höfum núna er afurð fiskveiðistjórnunarkerfisins. Leikreglurnar hafa mótað greinina. Þetta sem við höfum verið að gera til að viðhalda fjölbreytni, t.d. byggðakvóti, hefur verið mjög ómarkvissar, og aldrei byggt á sýn til lengri tíma,“ segir Þóroddur, og bendir á að aldrei hafi verið reynt að skilgreina hvaða sjávarbyggðir geti vaxið og hverjar ekki. „Það er aflamark skráð á 67 stöðum á landinu en á sama tíma er klárt að það verða ekki fiskvinnslur á þeim öllum, það er óraunhæft að halda því fram,“ segir Þóroddur.

Í skrifum sínum hefur Þóroddur spurt hvort leggja eigi af byggðakvóta og aðrar sporslur en einfaldlega svæðisbinda hluta aflaheimilda ríkisins. Hluti kvótans sé t.d. bundinn á Vestfjörðum og svæðisbundinni hagræðingu sé að öðru leyti leyft að eiga sér stað. Hugmyndafræðin byggir á því að um skýrt markmið sé að ræða; það er að segja, hvernig mun byggðin á viðkomandi svæði líta út eftir tvo áratugi en ekki á sama tíma að

ári. Þessar svæðisbundnu heimildir yrðu fyrir hvern sem er. „Þá skiptir ekki máli hvort um ræðir heimamenn eða ekki, því starfsemin væri bundin á svæðinu hvort sem er,“ segir Þóroddur og spyr hvort það skipti máli hvort aflinn er unninn í Bolungarvík eða á Ísafirði. Með þessu væri snúið frá því að reyna að jafna stöðu sjávarbyggða innbyrðis, þeirra sem standa verst, en reynt að efla útgerð svæðisbundið sem kæmi þessum sömu byggðum til góða.

Þessi svæðisbinding myndi fela í sér að að aflaheimildir gengju kaupum og sölum líkt og í stóra kerfinu. Munurinn væri sá að þeim fylgdu kvaðir um fullvinnslu á tilteknu vinnusóknarsvæði, litlu eða stóru. Lægra verð á slíkum kvóta myndi endurspegla meint óhagræði af dreifðari og smærri vinnslum og þannig gera þær samkeppnisfærar. Þetta myndi þýða að svæðisbundnu heimildirnar yrðu í höndum þeirra sem sæju tækifæri til arðbærrar vinnslu á smærri svæðum en þær yrðu ekki seldar í burt. Þetta væri því eins konar markaðslausn á byggðavanda núverandi kerfis. Þetta ætti ekki aðeins við um stærri og öflugari svæðin, t.d. eru Djúpivogur og Borgarfjörður eystri skilgreind sem órsmá vinnusóknarsvæði sem fengju þá sínar svæðisbundnu heimildir. En samgöngubætur sem

stækka og styrkja vinnusóknarsvæði myndu jafnframt leiða til svæðisbundinnar hagræðingar í sjávarútvegi.

Hér ber til þess að líta að flestar landsbyggðir Íslands standa nokkuð vel. Byggðastofnun hefur undanfarið tvö ár unnið samkvæmt þeirri hugmyndafræði að gera greinarmun á sterkum vinnusóknarsvæðum og litlum sjávarbyggðum sem byggst hafa upp í kringum sjávarútveg og eiga fáa möguleika aðra. Þegar vinnusóknarsvæðin eru skoðuð kemur í ljós að fáar sjávarbyggðir falla utan þeirra vinnusóknarsvæða sem skilgreind hafa verið. Því telur Þóroddur að sjávarútvegur geti orðið ein af meginstöðum færri og stærri atvinnu- og þjónustusvæða. Að því sé hægt að vinna með samgöngubótum, stuðningi við aðrar atvinnugreinar en sjávarútveg til viðbótar við svæðisbundnar aflaheimildir, eins og áður sagði.

Tvær útfærslur

Sigurður Ingi Jóhannesson, sjávarútvegs- og byggðamálaráðgjafi, er núkominn að austan þar sem hann ræddi við sveitarstjórnarmenn á Djúpavogi um aðstæðandi vanda vegna fráhrarfs Vísis. Hann segir að meðal þess sem þar var kynnt hafi verið ný nálgun Byggðastofnunar, eða að öflug fyrirtæki axli byggðaverkefni með stjórnvöldum



„Það er aflamark skráð á 67 stöðum á landinu en á sama tíma er klárt að það verða ekki fiskvinnslur á þeim öllum, það er óraunhæft að halda því fram.“

Þóroddur Bjarnason, prófessor og stjórnarformaður Byggðastofnunar

til tiltekna tíma. Nýbreytnin felst í að auglýst er eftir samstarfsaðilum um eflingu sjávarútvegs í nokkrum byggðarlögum sem falla undir reglur um ráðstöfun aflamarks Byggðastofnunar og nær til lengri tíma en eins árs. Þetta fyrirkomulag mætti kalla skrefið í áttina til þess að leggja af nálgun fyrri ára og svæðisbinda aflaheimildir eins og Þóroddur mælir með. Þetta er kannski skásta leiðin til að vinna hlutina á nýjan hátt innan núgildandi kerfis. Segja má að ef þetta fyrirkomulag Byggðastofnunar hefði verið í gildi á Djúpavogi, þótt dæmið varpi ekki réttu ljósi á vandann sem þar er við að eiga, þá hefði fyrirtækið verið aðili að samningi um ákveðinn stuðning, þá hefði fyrirvari verið á því að fyrirtækið drægi sig út með skipulögðum hætti.

„Ég hef séð þetta sem tvær mögulegar útfærslur. Innan núverandi kerfis sé hægt að nýta byggðakvóta markvisst með því að auglýsa eftir samstarfsaðilum til lengri tíma um byggðaeftingu í fámennum sjávarþorpum sem eiga litla möguleika á öðru en sjávarútvegi. Fjölbreyttari svæði verði þá að bjarga sér sjálf. Slík tilraun er þegar í gangi. Hins vegar er róttækari breyting að leggja af allar núverandi mótvægisáðgerðir og svæðisbinda þess í stað hluta kvótans,“ segir Þóroddur.



Kindafille

2398 kr./kg
~~2998~~ kr./kg



Kindalundir

2398 kr./kg
~~2998~~ kr./kg



NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
**HAMBORGARA
VEISLA!**

Ungnauta
hamborgari,
90 g
169 kr./stk.



Ungnauta-
hamborgari, 200 g
349 kr./stk.



Ungnauta-
hamborgari, 120 g
249 kr./stk.



Helgartilboð!



MS
Engjabykkni
2 tegundir, 150 g
139 kr./stk.



Nektarínur,
500 g
389 kr./pk.
~~489~~ kr./pk.



Pykkvabæjar
fors. grillkartöflur, 750 g
349 kr./pk.
~~465~~ kr./pk.



HD epla- og
appelsínusafi, 2 lítrar
369 kr./stk.
~~398~~ kr./stk.



Coca-Cola
Coke light og
Coke zero, 12x33 cl
998 kr./kassinn
~~1176~~ kr./kassinn



Freyju Mix, 400 g
679 kr./pk.
~~699~~ kr./pk.



Pepsi og Pepsi Max
0,5 lítrar
178 kr./stk.
~~356~~ kr./stk.



Lay's Deep Ridged,
BBQ, 147 g
329 kr./pk.
~~349~~ kr./pk.

EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Opið til
miðnættis
alla daga

8·24

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurvegur - Grafarholt



Í SKÝJUNUM

FLUGDAGURINN Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Flugdagur Flugmálafélags Íslands í samstarfi við Isavia og Icelandair verður haldinn á **Reykjavíkurlugvelli í dag** við Icelandair Hotel Reykjavík Natura.

Happdrætti á staðnum með glæsilegum vinningum frá Norðurflugi, Flugfélagi Íslands og Flugfélaginu Erni.

Komið og njótið glæsilegrar flugsýningar með okkur!

ADGANGUR
ÓKEYPIS

DAGSKRÁ

- 12.00** Sýningarsvæði opnar, stórar og smáar flugvélar til sýnis.
- 13.00** Fallhlífarstökk – 15 manna stjarna, listflug Magnúsar Norðdahl
- 13.30** á TF-ABC, Landhelgisgæslan, Yak listflug og hópflug, listflug á svifflogu.
- 13.30** Stuttbrautarflug, fisflug, paramótorflug, sýningarflug á Pristinum,
- 14.00** Pitts listflug, Aero Commander/Meyers 200.
- 14.00** Sjóflugvél, Yak listflug og hópflug, 3D flight, Yak-55 listflug,
- 14.30** Hercules C-130, yfirflug á Dash 8 – 200, flugtak og yfirflug á Boeing 757 Icelandair.
- 15.00** Dregið í happdrætti.
- 15.30** Sýningarsvæði lokar.

ICELANDAIR



Flugmálafélag Íslands

Stofnað 1926

ISAVIA

Útlent nautakjöt fær ekki að keppa við innlent:

Tilbúinn skortur hækkar verð

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti, sagði frá því í síðustu viku að verð á nautakjöti frá afurðastöðvum hefði hækkað um 20 prósent. Sú hækkan mun að sjálfsögðu skila sér út í verði til neytenda, hafi hún ekki gert það nú þegar.

Ástæðan fyrir verðhækkuninni er ónógt framboð á íslensku nautakjöti. Meira að segja Nóatún, sem auglýsir að í kjötbörðum fyrirtækisins sé aðeins boðið upp á íslenskt kjöt, hefur þurft að flytja inn nýsjálenskt og danskt nautakjöt til að anna eftirspurn.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Skorturinn er meðal annars tilkominn af því að bændur setja kvígur fremur á til að framleiða mjólk en að ala þær til slátrunar. Svo fer eftirspurnin vaxandi, ekki sízt vegna gríðarlegrar fjölgunar ferðamanna sem vilja fá sína steik og sinn hamburgara í fríinu.

Hægt væri að komast hjá þessari verðhækkun með því að ríkið lækkaði tolla á innfluttu nautakjöti nægilega mikið til að það yrði samkeppnisfært í verði við innlenda kjötið. Samtök verzlunar og þjónustu hafa raunar farið fram á það við atvinnuvegaráðuneytið að tollar á nautakjöti verði felldir niður. Þá væri nægt framboð af kjöti á hóflegu verði og ekki þyrfti að „yfirbjóða þessa fáu gripi sem eru til úti í sveitum“ eins og Finnur Árnason, forstjóri Haga, orðaði það í Fréttablaðinu fyrr í vikunni.

Atvinnuvegaráðuneytið segir hins vegar að sjálfsögðu nei við beiðni Samtaka verzlunar og þjónustu. Það var algjörlega fyrirsjáanlegt, enda nákvæmlega samkvæmt því mynztri sem orðið hefur til á undanförunum misserum: Ef innlendir framleiðandi biður um innflutningskvóta á lágum tollum af því að hann vantar hraefni er orðið við því hratt og örugglega. Ef verzlunin í landinu biður um sambærilegar heimildir til að stuðla að lægra vöruverði og fleiri kostum neytenda tekur kerfið sér örlítinn umhugsunarfrest og segir svo nei.

Önnur staðalviðbrögð atvinnuvegaráðuneytisins, þegar farið er fram á tollkvóta til að mæta eftirspurn af því að innlendir framleiðendur anna henni ekki, er að halda því fram að það sé til nógur kvóti á lægri tollum. Tilkynning um slíkt var send út eftir umfjöllun Markaðarins. Meinið er bara, eins og Finnur Árnason benti á í Fréttablaðinu, að þótt ekki sé lagður hefðbundinn ofurtollur á innflutta nautakjötið eru tollarnir nógu háir til að það sé ekki samkeppnishæft við innlenda kjötið.

Með þessu stuðla stjórnvöld alveg meðvitað og með opin augun að því að hækka matarreikning heimilanna – eða standa að minnsta kosti hjá og gera ekki neitt til að hindra það, þótt það væri þeim í löfa lagið.

Enn og aftur er neytendum sem sagt sendur reikningurinn fyrir úrelt og óhagkvæmt landbúnaðarkerfi sem mætir ekki þörfum markaðarins. Eru allir sáttir við að halda bara áfram að borga?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



EKKI TIL SÖLU!

Vinstri græn eru eina framboðið sem stendur alfarið gegn einkavæðingu almennþjónustu.

HVERNIG VILT ÞÚ FORGANGSRÁÐA?

JÖFNUÐUR OG RÉTTLÆTI



FRÁ DEGI TIL DAGS

Peningarnir frá frúnni í Hamborg
Vefmiðillinn Eyjan fékk frambjóðendur í Reykjavík til að forgangsraða þeim málefnum sem þeir vilja leggja áherslu á, á komandi kjörtímabili. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, er eini frambjóðandinn sem leggur höfuðáherslu á að lækka útsvar borgarbúa. Því næst vill hann fjölga leiguíbúðum, auka stuðning við aldrada og hækka frístundastyrk barna. Lækkað útsvar þýðir, eins og allir vita, minni tekjur borgarinnar. Þau verkefni sem Halldór vill ráðast í munu aftur á móti kosta töluverðar fjárhæðir og því er spurning hvort Frúnni í Hamborg sé auðsúgustur í ráðhúsinu. Borgin mun sannarlega þurfa á peningatrjáum að halda ef stefna Halldórs gengur eftir.

Frá Degi til Dags

Það er mikill meðbyr með Degi B. Eggertssyni, oddvita Samfylkingarinnar, í Reykjavík. Stór meirihluti aðspurðra í skoðanakönnunum segist styðja Dag sem borgarstjóra og framboð hans hlýtur mestan stuðning borgarbúa. Það gæti verið að óminnugir hafi gleymt síðasta kjörtímabili en þá sat Dagur sem borgarstjóri í hundrað daga. Fari svo að Dagur verði borgarstjóri að nýju er hann eini maðurinn sem gegnt hefur borgarstjórastöðu í Reykjavík tvisvar. Dags vegna má vona að næsta seta verði lengri en sú síðasta.



Flugvöllinn inn, moskuna út

Ný könnun MMR sýnir að moskuútlit Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknar og flugvallarvina, virðist hafa virkað. Framboðið hefur rokið upp og mælist nú með manni inni í borgarstjórn. Niðurstöðurnar eru í takt við þróun stjórnmála í Evrópu en flokkar sem tala gegn fjölmenningu hafa verið að sækja verulega í sig veðrið. Vinstri græn sem hafa alltaf stutt byggingu mosku á Íslandi hafa misst fylgi sitt og hanga nú í sínum eina manni, Sóleyju Tómasdóttur, eins og lífið liggja við. Markmið flokksins var að ná að minnsta kosti tveimur konum inn en nú hefur framboð VG ítrekað mælist fyrir neðan kjölfylgi. Eitthvað er ekki að virka.

snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



Kjósum valfrelsi

STJÓRN MÁL



Halldór Halldórsson oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík

Reykvíkingar kjósa á laugardaginn hvaða stefnu þeir vilja að verði fylgt í borgarstjórn næstu fjögur ár. Við sjálfstæðismenn bjóðum skýran valkost við þá stefnu sem hefur verið fylgt á liðnu kjörtímabili.

Frá síðustu kosningum hafa skattar og gjöld á meðalfjölskyldu í Reykjavík hækkað um rúmar 400.000 krónur. Að stórum hluta eru þetta ónaðsynlegar álögur á borgarbúa, til komnar af því að kjörnir fulltrúar hafa ekki sinnt þeirri skyldu að sníða borgarkerfinu stakk eftir vexti. Við ætlum að breyta þessu og lækka skatta á fjölskyldur í Reykjavík.

Um leið og við lækkum kostnað íbúanna, viljum við að þeir hafi miklu meira val um þjónustu.

Við ætlum að bæta þjónustu við barnafjölskyldur og taka upp greiðslur til að brúa biðlistabilið frá fæðingarorlofi til leikskóla. Það kostar þá álíka mikið að hafa barn hjá dagforeldri og á leikskóla – eða fólk nýtir greiðsluna beint og getur skipst á að vera heima eða á vinnumarkaði.

Foreldrar og kennarar setja börnin í fyrsta sæti. Það á kerfið að gera líka. Við viljum opna aðgang foreldra að upplýsingum um árangur og útkomu skóla í borginni þannig að þeir hafi meira

→ Það kostar þá álíka mikið að hafa barn hjá dagforeldri og á leikskóla – eða fólk nýtir greiðsluna beint og getur skipst á að vera heima eða á vinnumarkaði.

aðhald og hvata til að standa sig ennþá betur. Við viljum að fólk geti auðveldlega valið um skóla, því að mismunandi skólar henta mismunandi fólki.

Við vorum við loforðum meirihlutans um allt að 3.000 nýjar leiguíbúðir. Ef það er svona auðvelt að framkvæma þau, af hverju hafa þá miklu færri félagslegar íbúðir verið byggðar á þessu kjörtímabili en áratuginn á undan? Við viljum ekki taka þá áhættu með fé skattgreiðenda sem felst í að borgin fari að byggja og gerist leigusali á almennum leigumarkaði. Við viljum virkja markaðinn með meira lóðaframboði og breyttum gatnagerðargjöldum, sem hvetja til þess að byggt verði bæði smátt og stórt, húsnæði sem hentar öllum.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur í öllum málum áherslu á að fólk stjórni lífi sínu sjálf og geti valið opinbera þjónustu sem hentar því best. Við erum til þjónustu reiðubúin.

Ekki afskrifa Dögum í Reykjavík

Ef skoðanakannanir gefa rétta vísbendingu á Dögum í Reykjavík á brattann að sækja í komandi borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. Ljóst er þó að talsverður fjöldi íhugar að styðja okkur og á framboðsfundum þar sem við höfum fengið tækifæri til að kynna málstað okkar hefur fulltrúum Dögunar almennt verið mjög vel tekið. Það á til dæmis við um íbúafund í Úlfarsfelli þar sem skipulagsmál brenna á íbúum. Undirritaður kom þar á framfæri þeirri stefnu Dögunar að íbúarnir eigi rétt á því að byggðin verði fullfrágengin á borð við önnur hverfi Reykjavíkur. Útlistaði ég áherslur okkar í þessu efni.

Afstaðan

Þótt íbúafundurinn í Úlfarsfelli hafi verið vel sóttur jafnast fjöldinn ekki á við allt það fólk sem fær Fréttablaðið inn um lúguna á morgni hverjum.

Sl. fimmtudag kynnti blaðið afstöðu oddvita framboðanna í Reykjavík til skipulagsmála í Úlfarsfelli – allra nema Alþýðufylkingarinnar og Dögunar í Reykjavík.

Afstæða fjölmiðla getur skipt sköpum fyrir framboð til kosninga. Ég get mér þess til, að Fréttablaðið réttlæti afstöðu sína með vísan til þess að Dögum í Reykjavík mælist enn lágt í skoðanakönnunum. Þar er þó um hálf sannleik

STJÓRN MÁL



Þorleifur Gunnlaugsson oddviti Dögunar í Reykjavík

→ Enn eru nokkrir dagar til kosninga og sagan kennir að fylgi getur hæglega flust til á skömmum tíma. Mér finnst mikilvægt að áherslur og baráttumál allra framboða fái sanngjarna og góða umfjöllun...

að ræða því fréttamenn blaðsins hafa nánast aldrei gefið lesendum kost á að kynna framboðinu og stefnumálum þess á síðum Fréttablaðsins! Að því er virðist hafa fulltrúar framboðsins verið kerfisbundið sniðgengnir í þessum ágæta fjölmiðli.

Getur flust til

Enn eru nokkrir dagar til kosninga og sagan kennir að fylgi getur hæglega flust til á skömmum tíma. Mér finnst mikilvægt að áherslur og baráttumál allra framboða fái sanngjarna og góða umfjöllun í útbreiddustu fjölmiðlum landsins – hvort sem um er að ræða afstöðu til leikskólamála, lýðræðismála, húsnæðismála, innflytjenda, flugvallarins, gjaldskrármála eða annars sem á kjósendum brennur. Kjósendur eiga rétt á því.

Ef Dögum í Reykjavík er látin njóta sannmælis í fjölmiðlum, þá leyfi ég mér að fullyrða að allt getur gerst. Því segi ég: Ekki afskrifa Dögum í Reykjavík!

Er það réttlátt að einn tapi svo annar græði?

Úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2014-2015 voru birtar fyrir nokkrum dögum og komu líkt og þruma úr heiðskíru lofti fyrir þá fjölmörgu íslensku nemendur sem stunda nám erlendis. Niðurstaðan er sú að nemendur erlendis mega nú sætta sig við 10% skerðingu á framfærslu en um leið hækka framfærslu fyrir nemendur á Íslandi um 3,2%. Mikilvægt er að bæta kjör nemenda á Íslandi en þarf það að koma niður á nemendum erlendis?

Til að rétta skekkju

LÍN hefur gefið út að þessar aðgerðir séu til samræmis við framfærslu á Íslandi og ástæðan fyrir lækun á framfærslu nemenda erlendis sé til að rétta skekkju. Með þessum breytingum í úthlutunarreglum er LÍN að tengja framfærslu við neysluviðmið og verðbólgu hvers námslands, borin er saman upphæð til nemanda á Íslandi og nemanda erlendis. Jú, rétt er það að nemandinn erlendis fær örlítið meiri pening á mánuði en sá nemandi þarf aukið fjármagn sem ekki er tekið með í útreikningana t.d. fyrir ferðalaginu heim til Íslands. Þykir nokkuð ljóst að með þessum aðgerðum sé verið að sporna við því að nemendur leiti utan til að stunda nám, jafnvel nám sem þeim býðst ekki á Íslandi.

Ferðalán einu sinni

Auk þess að standa frammi fyrir takmörkuðu skólagjaldaláni frá

LÍN, sem nær yfir þrjú af sex árum læknisfræðinámsins, þá hefur LÍN nú skorið niður upphæðina til framfærslu og ferðaláns. Ferðalánið sem hljóðaði áður upp á tæpar 40.000 ISK á ári, verður nú lánað einu sinni á hverju námsstigi. Á 6 ára námsferli læknanema sem býr erlendis er nú lánað einu sinni fyrir ferðaláninu. Þ.e. íslenskur læknanemi í Ungverjalandi/Slóvakíu kemst aðra leið á milli Íslands og Ungverjaland/Slóvakíu einu sinni á 6 ára námsferli.

Við sem hófum nám fyrir nokkrum árum stóðum í þeirri trú að við fengjum ákveðinni upphæð úthlutað á hverju ári. Nú hefur sú upphæð verið skert um 10% án fyrirvara.

Skólaár hvers lands eru ekki öll eins og eru nemandur oft að lenda í því að sumarleyfið nái einungis 6 vikum. Þær vikur gefa nemandanum ekki mikinn tíma til að brúa bilið sem skerðing framfærslunnar hefur myndað í fjármálum nemandans. Um leið og nemandur hafa minni pening á milli handanna til að ferðast þá minnka líkurnar á því að þeir sækji heim í starfsnám.

Tapaðir læknar

Ef nemandinn starfar ekki innan íslensks heilbrigðiskerfis á meðan á námi stendur þá segir það sig sjálft að sá nemandi mun síður velja íslenskt heilbrigðiskerfi sem vinnustað í framtíðinni. Allir þeir íslensku lækna-

LÍN



Arna Reynisdóttir læknanemi



Erna Markúsdóttir læknanemi

→ Auk þess að standa frammi fyrir takmörkuðu skólagjaldaláni frá LÍN, sem nær yfir þrjú af sex árum læknisfræðinámsins, þá hefur LÍN nú skorið niður upphæðina til framfærslu og ferðaláns. Ferðalánið sem hljóðaði áður upp á tæpar 40.000 ISK á ári, verður nú lánað einu sinni á hverju námsstigi. Á 6 ára námsferli læknanema sem býr erlendis er nú lánað einu sinni fyrir ferðaláninu.

nemar sem ekki snúa heim eru tapaðir læknar í því verki að byggja upp vel mannað og sterkt heilbrigðiskerfi.

Fyrir hönd Félags íslenskra læknanema í Ungverjalandi og Félags íslenskra læknanema í Slóvakíu.

Veldu notaðan Mercedes-Benz



Mercedes-Benz



Mercedes-Benz ML 350 BLUETEC 4MATIC

Árg. 2012, ekinn 12 þús. km, dísil, 259 hö., sjálfskiptur, Intelligent light system (framljós aðlagast bílum fyrir framan), íslandskort, dráttarbeisli, lykllaust aðgengi, Xenon og led ljós, minni og rafmagn í sætum ofl.

▶ Verð: 13.490.000 kr.



Mercedes-Benz E 250 CDI 4MATIC

Árg. 2013, ekinn 11 þús. km, dísil, 205 hö., sjálfskiptur, Led og Xenon ljós, minni og rafmagn í sætum, panorama sólþak, Elegance útfærsla, leður, bluetooth ofl.

▶ Verð: 11.490.000 kr.



Mercedes-Benz A 220 CDI

Árg. 2013, ekinn 8 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur, Urban pakki (sportsæti, 17" álfelgur, tvöfalt þúst), bakkmyndavél, bluetooth, hiti í sætum ofl.

▶ Verð: 5.290.000 kr.



Mercedes-Benz B 180 CDI

Árg. 2014, ekinn 1.500 km, dísil, 109 hö., sjálfskiptur, bakkmyndavél, rafmagn og minni í bílstjórásæti, bluetooth, 16" álfelgur ofl.

▶ Verð: 5.490.000 kr.



Mercedes-Benz E 300 CDI

Árg. 2010, ekinn 154 þús. km, dísil, 232 hö., sjálfskiptur, fjarlægðarskynjarar, loftþúðafjöðrun, Elegance útfærsla, forhituð miðstöð, bluetooth, leður ofl.

▶ Verð: 5.990.000 kr.



Mercedes-Benz C 220 CDI

Árg. 2013, ekinn 16 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur, sérlitað lakk, hiti í sætum, bluetooth, leður ofl.

▶ Verð: 6.990.000 kr.



NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**TILBOÐS-
DAGAR**

SJÁ NÁNAR Á KEFAIRPORT.IS

Heimila á tollfrjálsan innflutning á nautakjöti

Nautakjöt hefur hækkað mikið í verði að undanfögnu. Ástæðan er einföld, í kjölfar skorts á mjólkurfitu fyrir síðustu jóla með tilheyrandi innflutningi á írsku smjöri voru mjólkurbændur hvattir til að auka mjólkurframleiðslu sína en um leið var dregið úr nautakjötsframleiðslunni.

Afleiðingin er einföld, bændur urðu við þessu kalli sem hefur leitt til skorts á innlendu nautakjöti. Framboð á nautakjöti er einfaldlega allt of lítið miðað við eftirspurnina. Sem dæmi má nefna að Nóatún sem lagt hefur ríka áherslu á að í kjötborðum þeirra sé aðeins innlent kjöt, getur ekki lengur staðið við það þegar kemur að nautakjötinu.

Nú í maímánuði hækkaði verð á nautakjöti mikið til bænda enda slást sláturleyfishafar hart um hvern þann skrokk sem í boði er og yfirbjóða hver annan. Síðan hækkar verðið frá sláturleyfishafa til kjötiðnaðarstöðvar og þaðan til verslunarinnar. Það eru svo neytendur sem borga brúsann af öllu þessu í gegnum hálfótta budduna.

Enn meiri hækkanir

Samkvæmt heimildum Neytendasamtakanna hækkaði verð á nautakjöti frá slátursleyfishöfum um 20% fyrr í þessum mánuði og hefur jafnvel heyrst um enn meiri hækkanir.

En það er einnig fróðlegt að skoða verðþróun á nautakjöti síðustu 12 mánuði, þ.e. frá apríl 2013 til apríl 2014, samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Þar kemur fram að vísitala neysluverðs án húsnæðis hefur hækkað um 1%. Ef lítið er til einstakra kjöttegunda

NEYTENDUR



Jóhannes Gunnarsson
formaður Neytendasamtakanna

→ En er eðlilegt að hægt sé að valta yfir neytendur á þennan hátt til að tryggja þrönga hagsmuni framleiðenda? Að sjálfsögðu ekki.

hækkaði kjöt að meðaltali um 1,6%, lambakjöt um 1,5% en bæði svínakjöt og kjúklingar hafa lækkakjötið um 1,6% og kjúklingurinn um 0,4%. Nautakjötið hefur hins vegar hækkað um 5,9% á þessu sama tímabili.

Í innbyrðis samkeppni

En hver verður svo hækkanin til neytenda á nautakjöti kemur í ljós þegar Hagstofan gefur út næstu mælingu sína sem verður 28. maí. Vonandi sem minnst en það er þó ástæða til að hafa verulegar áhyggjur. Ef miðað er við hækkan á tímabilinu frá apríl 2013 til maí 2014 gæti verðhækkanin farið í 20% eða meira á þessu tímabili. Verum þess jafnframt minnug að einstakar matvörur eru í innbyrðis samkeppni sín á milli og á það ekki síst við um kjöt. Í versta falli gæti þetta einfaldlega leitt til almennrar verðhækkunar á kjöti.

En er eðlilegt að hægt sé að valta yfir neytendur á þennan hátt til að tryggja þrönga hagsmuni framleiðenda? Að sjálfsögðu ekki. Þessu er aðeins hægt að svara á einn hátt, að stjórnvöld heimili tollfrjálsan innflutning á nautakjöti. Allt annað er óvirðing við neytendur. Þá má ekki gleyma að takmarkað framboð á nautakjöti hækkar ekki aðeins verð á því heldur einnig verðtryggð íbúðarlán heimilanna.

Ungt fólk og tómstundir í Mosó

Það hefur vakið heimsathygli hvað tónlistarlíf á Íslandi er blómlegt og hafa erlendir blaðamenn oft haft á orði að fjöldi efnilegra tónlistarmanna hér sé í rauninni ótrúlegur miðað við mannfjölda.

Svona menningarverðmæti verða ekki til af sjálfu sér eins og dæmin sanna í Mosfellsbæ. Hér eru öflugar uppeldisstofnanir fyrir tónlistarfólk. Listaskóli Mosfellsbæjar fer þar fremstur, svo lúðrasveitin, skólarnir og kórarnir sem setja mikinn svip á bæjarlífið. Afraksturinn hefur verið framúrskarandi.

Húsnæði fyrir tónlistarfólk

En erum við þá ekki bara í góðum málum? Að sumu leyti en ekki öllu. Eftir að tónlistarnámi lýkur í Listaskólanum er ekki í boði neitt æfingahúsnæði fyrir ungt fólk til að þróa áfram tónlist sína. Úr þessu þarf að bæta vilji sveitarfélagið styðja við bakið á upprennandi tónlistarfólki.

Óvissa ríkir einnig um framtíðarhúsnæði Listaskólans og þar var kennurum fækkað í kjölfar hruns sem leitt hefur til þess að biðlisti eftir plássi er sá lengsti á höfuðborgarsvæðinu, yfir 120 börn. Vandinn er alvarlegur og uppsafnaður eins og húsnæðisekla skólanna.

Fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf er í Mosfellsbæ og er Ungmennafélagið Afturelding burðarás í íþróttastarfi, hestamannafélagið Hörður, skátarnir og fleiri félög

TÓMSTUNDIR



Sigrún Pálsdóttir
oddviti Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ

→ Eftir að tónlistarnámi lýkur í Listaskólanum er ekki í boði neitt æfingahúsnæði fyrir ungt fólk...

eru líka með öflugar starfsemi.

Íbúahreyfingin gerir lýðheilsusjónarmiðum hátt undir höfði og leggur áherslu á að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar á útisvæðum í íbúðarhverfum. Þannig mætti fjölga hjólabrettapöllum og sparkvöllum sem eru vinsælir. Eins mætti koma upp aðstöðu fyrir útblak sem er eftirsótt íþrótt erlendis. Aðstaða fyrir frísbíggj kostar lítið og áhugi er á skólahreystivöllum.

Ýmislegt fleira má gera til að gera Mosfellsbæ spennandi í augum ungs fólks. Íbúahreyfingin telur við hæfi að tómstundaávisun gildi fyrir framhaldsskólanema til tvítugs. Með því væri hægt að gera þeim mögulegt að stunda það tómstundastarf sem þeir vilja. Bótaþegar ættu líka að njóta sömu réttinda til að draga úr félagslegri einangrun og efla bæjarlífið í leiðinni.

Ljóst er að þótt ýmislegt sé vel gert í tómstundamálu í Mosfellsbæ má marga betur fara. Mikilvægast er að vinna markvisst að uppbyggingunni og sjá til þess að hún gerist jafnt og þétt og í samráði við þá hópa sem þjónustuna nota svo sem ungmennaráðið sem Íbúahreyfingin vill gjarnan efla.

MÆTTU FYRR Í FRÍÐ

Vegna framkvæmda eru farþegar hvattir til að mæta tímanlega

Vegna endurbóta við farangursflokkunarkerfið (Flugstöð Leifs Eiríkssonar) má búast við miklu álagi við innritun **til 1. júlí**. Um leið og við biðjumst velvirðingar á óþægindunum hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í flugstöðina fyrir brottför. Innritun í **morgunflug** hefst nú kl. **4.30**.

Mætum snemma og stytum biðraðirnar. Góða ferð!



BLÓMA- OG POTTADAGAR

TILBOÐ Í GANGI VIKUNA 29. MAÍ TIL 4. JÚNÍ



Fuglabað 4.990,- nú 3.992,-



Herbs kassi 4.990,- nú 3.992,-



Pottar frá 1.790,-
nú 1.432,-



ANTON & BERGUR



Pottar frá 1.490,- nú 1.192,-



Leirpottur stór 4.990,- nú 3.992,-

Leirpottur lítill 1.990,- nú 1.592,-



Flísaborð
17.990,-

Herbs kassi 3.990,-
nú 3.192,-



Hjartapottar 1.790,-
nú 1.432,-



Polo

hornsófi 149.900,- nú 119.920,-

Stell, glært frá 390,-



Stell frá 590,-

the
PIER

OPIÐ Í DAG 12.00-18.00
UPPSTIGNINGARDAG
GLERÁRTORG 13.00-17.00



Gerum skófatnað gjaldfrjálsan

Eitt helsta kosningaloforð Vinstri-grænna fyrir borgarstjórnarkosningarnar nú í vor er að gera leikskóla og frístundaheimili gjaldfrjáls fyrir lok næsta kjörtímabils. Uppræta verði fátækt og koma í veg fyrir svaxandi mismun.

Flestir hljóta að taka undir þessi sjónarmið. Leikskólar og frístundaheimili eru jú hluti af grunnþjónustu sem allar fjölskyldur ættu að njóta.

Skór hluti af grunnþörfum

En Vinstri-græn ganga óþarflega skammt í stefnu sinni. Hugtakið grunnþjónusta á nefnilega víðar við. Tökum sem dæmi skó. Nær útilokað er að komast í gegnum lífið án skóla. Jafnframt er ljóst að skófatnaður er dýr. Heyrst hefur að sumar fjölskyldur dragi það fram úr hófi að endurnýja skófatnað barna sinna vegna peningaleysis. Jafnvel eru dæmi þess að systkini séu látin skiptast á skóm!

Þetta getur verið meiri kostnaður en hlýst af ýmsu öðru sem er niðurgreitt á vegum hins opinbera, t.d. tannviðgerðir fyrir ungmenni. Þó er hægt að fyrirbyggja tannskemmdir að mestu leyti með því að draga úr sælgætisáti og bursta tennurnar. Fólk hefur engin samþæringu úrræði gagnvart skóm.

Óreiða á skómarkaði

Annað vandamál er, að algjör ringulreið ríkir á hinum frjálsa skómarkaði. Hver sem er má flytja

SAMFÉLAG



Guðmundur Edgarrson
málmenntafræðingur

inn og selja hvaða gerð af skóm sem hann vill. Þá er ekki gerð nein krafa um menntun skókaupmanna. Skófræðingur er ekki enn orðið lögverndað starfsheiti! Ennfremur er ekkert eftirlit með endingartíma skófatnaðar. Neytandinn er því berskjaldaður gagnvart ýmiss konar svikum. Dæmi eru um fólk sem hefur keypt dýra skó sem entust ekki út árið!

Og hver stjórnar verðlagningu á skóm? Svo virðist sem skókaupmenn geti bara sett hvaða verðmiða á sem þeim þóknast!

Samfélagsleg fjárfesting

Góðar skóbúðir eru fjárfesting fyrir allt samfélagið í heild. Hvernig haldið þið að viðskipti gengju fyrir sig ef fólk kæmist ekki erinda sinna vegna skóleysis? Það er því deginum ljósara að hver króna sem ríkið leggur í skóbúðir mun skila sér margfalt til baka í formi aukinna viðskipta og verðmætasköpunar. Til dæmis er ljóst að erlend fjárfesting mun aukast til muna ef Íslendingar eru vel skóaðir. Og þannig græðum við öll, ekki satt?

Gerum því skó gjaldfrjálsa, aukum verðmætasköpun í þjóðfélaginu og drögum úr félagslegum ójöfnuði í leiðinni. Í raun er þetta spurning um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð. Um það lýtur þú, lesandi góður, að vera samála, nema þú sért einn af þessum forhertu frjálshyggjumönnum.

Mistök, ábyrgð og kostnaður í heilbrigðiskerfinu

Allir gera mistök. Þegar maður veður öðrum skaða með mistökum sínum þá er honum skylt að bæta tjónið. Mistök geta einnig varðað við hegningarlög ef um stórfellt gáleysi er að ræða. Lög um skaðabótaskyldu og hegningarlög eiga við alla, óháð starfstétt eða hvort skaðinn skeið í starfi eða frítíma.

Síðustu vikur hefur fólk dregið í efa réttmæti ákæru á hendur heilbrigðisstarfsmanni vegna mistaka sem leiddu til dauða sjúklings, jafnvel áður en almenningur fékk nokkrar upplýsingar um málið. Heldur fólk virkilega að ein starfstétt eigi að vera undanþegin lögum og ábyrgð? Hvað ef læknir framkvæmir aðgerð á sjúklingi undir áhrifum áfengis?

Geta valdið tugmilljóna kostnaði

Árið 2007 gekkst ég undir krossbandsaðgerð í Orkuhúsinu, þar sem krossbandið var rangt staðsett á þrjá mismunandi vegu og tveir vöðvar í aftanverðu lærinu eyðilögðust vegna rangrar sjúkrapjálfunar. Á síðustu fimm árum hef ég gengist undir 14 aðgerðir vegna þessa í Danmörku og Finnlandi, og innan skamms mun ég gangast undir aðgerð í Þýskalandi þar sem ég mun fá ígræddan nýjan vöðva. Beinn kostnaður minn vegna þessa er um tveir tugir milljóna króna. Árið 2009 sendi ég kvörtun til landlæknisembættisins og fimm árum síðar er kvörtun mín enn þá í meðferð hjá embættinu.

HEILBRIGÐIS-MÁL



Árni Richard Arnason
stærðfræðingur

Á þessari langferð minni hef ég haft samskipti við fjölda lækna um allan heim, og einnig fjölda sjúklinga sem hafa svipað vandamál. Ég hef öðlast einstaka inn-sýn í heim heilbrigðiskerfisins. Mistök í heilbrigðisþjónustu eru margfalt tíðari en almenningur gerir sér grein fyrir, af alls konar toga. Jafnvel bestu lækningar geta gert mistök. Algengustu vandamál heilbrigðis-

kerfisins eru rangar greiningar og meðferðir sem eru ekki í samræmi við læknisfræði. Sjúklingar fá ekki upplýsingar um áhættu, meðferð og meðferðarmöguleika. Mjög algengt er að ekki sé hlustað nægilega vel á sjúklinga, og samskipti milli heilbrigðisstarfsmanna séu ófullnægjandi. Allt þetta getur leitt til þess að sjúklingur verði fyrir heilsuskaða sem getur aftur á móti valdið tugmilljóna kostnaði sem sjúklingur, heilbrigðiskerfið og hið opinbera verður fyrir. Þessi kostnaður er m.a. sjúkrakostnaður, vinnutap og lögmanskostnaður.

Ef sjúklingur ákveður að kvarta yfir mistökum til heilbrigðisyfirvalda þá geta á nokkrum árum safnast upp hundruð blaðsíðna af formlegum bréfum sem eru skrifuð af lögmönnum, matsmönnum og heilbrigðisyfirvöldum. Inni í þessu ferli geta orðið til margar stjórn-sýslukærur og kærur til síðanefnda ýmiss konar og umboðsmanns Alþingis. Allt þetta skapar falinn kostnað sem á endanum er að mestu greiddur af skattgreiðendum.

→ Sjúklingar eiga ekki að borga fyrir skaða sem aðrir sannanlega valda, annað væri svívirðilegt óréttlæti.

Ein mistök læknis geta því valdið kostnaði sem nemur stórum hluta af ævilanum hans. Læknir sem gerir tíð mistök getur því valdið kostnaði sem er langtum meiri en ævitekur hans. Þá er ótalinn sá skaði sem hann veður á lífsgæðum sjúklinga.

Óviðeigandi ummæli

Nokkrir stjórnendur landlæknisembættisins hafa upp á síðkastið sagt að ekki eigi að „finna sökudólg“ og að mistakamál eigi ekki að fara fyrir dóm. M.ö.o. þá á ekki að viðurkenna að einhver hafi gert mistök sem hefur valdið skaða og heilbrigðisstarfsfólk eigi ekki að bæta sjúklingum tjón sitt. Er landlæknisembættið virkilega á þeirri skoðun að sjúklingar eigi að bera allan skaða af mistökum heilbrigðisstarfsfólks? Eftir mína fimm ára reynslu af málsmeðferð embættisins í mínu máli þá er svar mitt „Já!“ Það er furðulegt að fólk sem hefur slíka skoðun geti haft áhrif á hvort ég fái tugmilljóna króna tjón mitt bætt.

Fagfólk viðurkennir mistök sín og heiðarlegt fólk reynir að bæta fyrir þau. Sjúklingar eiga ekki að borga fyrir skaða sem aðrir sannanlega valda, annað væri svívirðilegt óréttlæti. Skaðinn þarf ekki að falla á þann sem gerði mistökin, til þess eru tryggingar. Allir sem gera mistök verða að læra af þeim og halda áfram með líf sitt.

HÁTÍÐ HAFSINS
31. MAÍ-1. JÚNÍ 2014
WWW.HATIDHAFSINS.IS

SIJÓRÆNINGJASIGLINGAR
BRYGGJUSPRELL
KAYAKAR & LÍNUBRÚ
POLLAPÖNK
LISTASMÍDJUR
SKEMMTIATRÍÐI
FISKISMAKK
SIJÓMANNAKAFFI
FURÐUFISKAR
SKRÚDGANGA

REYKJAVÍKUR
HÖFN
IDAR AF LÍFI

Slippurinn
Harpa

Faxaflóahafnir of Associated Icelandic Ports

#HATIDHAFSINS2014

FYRIR PARTÍÐ

...eða kósýheit fyrir framan sjónvarpið með fjölskyldunni.
Vertu klár fyrir helgina í Iceland.



898 kr. stk.

BEN & JERRY ÍS
500 ML



398 kr. pk.

TROPICAL TORNADO
5 Í PAKKA



398 kr. pk.

8 TVÖFALDIR FROSTPINNAR



298 kr. pk.

CHICAGO TOWN PIZZUR
2 Í PAKKA



498 kr.

DEEP PAN EÐA THIN & CRISPY PIZZA
OG 0,5 L KÖK

OG ALLT HITT FYRIR HELGINA



50%
afsláttur

Nammiland. 50% afsláttur á
laugardögum og sunnudögum



228 kr. stk.

Rockstar orkudrykkur
500 ml



398 kr. stk.

Deep Pan pizza



398 kr. stk.

Thin & Crispy pizza



498 kr. pk.

Magnum Classic/White/Mint
3 stk. í pakka



998 kr. pk.

Coca Cola 12x33 ml



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA

Iceland



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,
ÓLAFUR SVEINBJÖRNSSON
húsmiðameistari,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
24. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.



Davíð Ólafsson
Einar Ólafsson
Rúnar Ólafsson
tengdadætur og barnabörn.



Okkar elskaða og einstaka dóttir,
systir og unnusta,
TINNA INGÓLFSDÓTTIR
varð bráðkvödd 21. maí síðastliðinn.



Inga Vala Jónsdóttir **Ingólfur Samúelsson**
Steinar, Logi og Ragnhildur Ingólfssbörn
Kristján Helgi Hjartarson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir,
amma og langamma,
GUÐBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR
Borgarfirði eystri, Akureyri, Kópavogi,
síðast til heimilis að Lindargötu 57,
Reykjavík,



lést föstudaginn 23. maí.
Útförin fer fram mánudaginn 2. júní
kl. 13.00 í Kópavogskirkju.

Halldóra Kristín Gunnarsdóttir **Bjartmar Sveinbjörnsson**
Steingrímur Gunnarsson
Gunnar Halldór Gunnarsson **Svava Pétursdóttir**
systkini, barnabörn og barnabarnabörn.



Yndislegi maðurinn minn, pabbi okkar,
tengdapabbi, afi, langafi og bróðir,
BERGMUNDUR ÖGMUNDSSON
skipstjóri og útgerðarmaður í Ólafsvík,
andaðist miðvikudaginn 21. maí
á dvalarheimilinu Jaðri í Ólafsvík.



Sigríður Þóra Eggertsdóttir
Þóris Bergmundsdóttir **Elvar Guðvin Kristinsson**
Elsa S. Bergmundsdóttir **Aðalsteinn Snæbjörnsson**
Bergmundur Elvarsson **Sunna Kristinsdóttir**
Jóhann Ögri Elvarsson **Rut Helgadóttir**
Snæbjörn Aðalsteinsson **Guðrún Magnea Magnúsdóttir**
Hólmkell Leó Aðalsteinsson
Sindri Már, Darri, Patricia, Máni og systkini hins látna.



Þökkum fyrir auðsýnda samúð og vinarhug
við andlát ástkærs eiginmanns míns og
fósturfóður okkar,

HERMANNSSON
Espigerði 2 (Þórgötu 9).

Hjúkrunarfélagi og læknum Landspítalans
þökkum við einstaka umönnun, nærgætni
og hlýhug. Sérstakar kveðjur til starfsfólks
Vífilsstaðaspítala.



Helga Rakef Stefnsdóttir
Steinunn Sara Helgadóttir
María Helgadóttir

PETTA GERÐIST 29. MAÍ 1953

Fyrstir á fjallstind Everest

Á þessum degi árið 1953 klukkan 11.30
að staðartíma urðu þeir Edmund Hillary
og Tenzing Norgay fyrstir manna til
þess að ná tindi Everestfjalls svo vitað
sé. Það tók þá sjö vikur að komast alla
leið á toppinn en fræðimenn höfðu
lengi talið fjallið, sem er 8.850 metrar
að hæð, óklífanlegt. Tæpum þremur
áratugum fyrr, eða árið 1924, gerðu þeir
George Leigh Mallory og Andrew Irvine
tilraun til þess að verða þeir fyrstu til

þess að komast á toppinn. Ólíklegt þykir
þó að þeim hafi tekist ætlunarverkið en
þeir létust báðir á fjallinu og því ekki
hægt að sanna það hvort þeir náðu
toppnum eða ekki.

Í kjölfar afreksins gerði Edmund
Hillary það að lífsstarfi sínu að berjast
fyrir bættum kjörum sjerpanna í Nepal.
Stofnaði hann góðgerðarsjóð, Hima-
layan Trust, og náði sjóðurinn að fjár-
magna bæði skóla og spítala á svæðinu.



VEGLEGR GRIPUR Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 kemur út í dag. Kristján B. Jónasson hjá Crymogeu stendur að útgáfunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framtíðarskipulag Reykja- víkur í máli og myndum

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2013 kemur út á bók í dag en það eru Crymogeia og Umverfis- og skipulagsvið Reykjavíkur sem standa að útgáfunni. Í bókinni er framtíðarsýn borgarinnar sett fram ásamt ítarlegri umfjöllun um borgarhlutana tíu.

